

# Ársskýrsla 2012



# Stjórn Samtaka iðnaðarins 2012



**Svana Helen Björnsdóttir**  
formaður, Stíki



**Sigsteinn P. Grétarsson**  
Marel



**Andri Þór Guðmundsson, ritari**  
Ölgerðin Egill Skallagrímsson



**Tómas Már Sigurðsson**  
Alcoa Fjarðaál



**Lárus Andri Jónsson**  
Raffjónustan



**Guðrún Hafsteinsdóttir**  
Kjörís



**Kolbeinn Kolbeinsson,**  
varaformaður, Ístak



**Vilborg Einarsdóttir**  
Mentor



**Bolli Árnason**  
GT Tækni

Stjórn Samtaka iðnaðarins er skipuð sex körlum og þremur konum úr röðum félagsmanna. Þau bera ábyrgð á stefnu- mörkun og áherslum í starfinu en framkvæmdastjóri og starfsfólk sjá um nánari útfærslu og framkvæmd. Stjórnin kom saman til 11 formlegra stjórnarfunda. Reglur um stjórn- arsetu eru þannig úr garði gerðar að sífelld endurnýjun á sér stað innan stjórnarinnar en það er án nokkurs vafa einn helsti styrkur SI að enginn getur setið lengur en sex ár í stjórn. Þá þarf hver stjórnarmaður að fá endurnýjað umboð á tveggja ára fresti en formaður árlega.

# Ávarp formanns SI

**Í**slenskur iðnaður gegnir lykilhlutverki við að bæta efnahag þjóðarinnar. Með fjölbreyttri verðmætasköpun, nýsköpun, útflutningi og gjaldeyrisöflun skapa fyrirtækin innan Samtaka iðnaðarins drifkraft íslensks efnahagslífs. Samtökin eru mikilvægur samstarfsvettvangur fyrirtækjanna, bæði innbyrðis og í samskiptum við ytra umhverfi. Starfið er gjöfult og árangursríkt á fjölmörgum sviðum.

Samtök iðnaðarins hafa áhrif á lög sem sett eru um málefni iðnaðarins. Þau halda uppi málefnastarfi innan faggreina og stuðla jafnframt að samstarfi fyrirtækja þvert á hefðbundnar faggreinar. Fræðslustarf, ráðstefnuhald, ráðgjöf ýmiss konar og menntamál eru meðal þýðingarmestu verkefna sem samtökin og félagsmenn þeirra sinna til að bæta starfsskilyrðin sem íslensku atvinnulífi eru búin.

Hlutverk Samtaka iðnaðarins er að sjá til þess að íslenskum fyrirtækjum séu tryggð samkeppnishæf rekstrarskilyrði í alþjóðlegum samanburði. Mikilvægt er að samtökin séu virk í mótun atvinnustefnu til langs tíma og gæti þess að jafnræði ríki með atvinnugreinum þjóðarinnar. Menntakerfið þarf að slá taktinn með atvinnulífinu betur en nú er og kveikja þarf áhuga ungs fólks á raunvísindum og tækni snemma í grunnskóla. Þessu beita samtökin sér fyrir.

Samtök iðnaðarins eru samstarfsvettvangur fyrirtækja í stöðugri leit þeirra að tækifærum til nýsköpunar. Þá er mikilvægt að sem víðast sé leitað fanga, jafnvel þvert á hefðbundnar atvinnugreinar. Við verðmætasköpun í samfélagi okkar þurfa hugvit, verksvit og siðvit að fara saman. Um þetta er mikið fjallað innan samtakanna varðandi nauðsyn þess að skapa vel launuð störf til langframa. Mikilvægt er að fyrirtækjum í alþjóðlegum vexti sé gert kleift að hafa höfuðstöðvar sínar hér á landi. Einnig í því efni gegna Samtök iðnaðarins mikilvægu hlutverki sem samráðsvettvangur fyrirtækja og stjórnvalda.

Með samvinnu og skýrri stefnumörkun stuðla Samtök iðnaðarins að fjölbreyttu atvinnulífi og vaxandi hagsæld sem felst í verðmætasköpun, nýsköpun og sjálfbærri nýtingu auðlinda.





Efnahagsframvindan 2012

# Minnkandi hagvöxtur og óvissa framundan

**H**agvöxtur ársins 2012 var 2% en það er nokkuð minna en búist var við. Flestar hagspár hafa hingað til gert ráð fyrir að hagvöxtur í 2013 verði um 2,5% en af hagþróun ársins 2012 má ráða að þær munu varla ganga eftir. Til að svo verði þarf hagvöxtur á síðasta ársfjórðungi 2012 að vera yfir 4% sem verður að teljast nokkuð ólíklegt. Þar að auki hefur hagvöxtur ársins 2011 verið endurmetinn niður á við í 2,6% í stað 3% eins og áður var talið. Af þessu er ljóst að efnahagsbatinn, frá því að botni kreppunnar var náð, er minni en áður var talið. Jafnframt eru aðstæður í alþjóðahagkerfinu viðkvæmar og líklegt að það geti haft neikvæð áhrif á efnahagsbatann hér á landi næstu misserin.

### Einkaneysla drifkrafturinn

Fyrstu 9 mánuði 2012 jókst einkaneysla um 3,2% miðað við sama tíma í fyrra. Sá vöxtur vegur einna þyngst í hagvextinum. Hins vegar er ljóst að nokkurt bakslag er í einkaneyslunni sem er veigamesti þáttur landsframleiðslunnar og upplýsingar um greiðslukortaveltu styðja það. Gengi krónunnar hefur veikt umtalsvert frá miðju ári og það dregur jafnan úr einkaneyslu. Ennfremur er líklegt að áhrif sértækra aðgerða í þágu heimilanna fari minnkandi auk þess sem áhrif launahækkana undanfarið minnka eftir því sem frá líður. Þegar rýnt er í fjárlögin og stuðningur við heimilin er skoðaður er ljóst að sértækar aðgerðir verða umtalsvert minni á þessu ári. Því er líklegt að einkaneysla flýti ekki fyrir efnahagsbatanum með sama hætti og verið hefur undanfarið. Áfram verður heimilt að taka út séreignarsparnað en áhrif þess á einkaneyslu verða líklega minni en sl. tvö ár.

### Verðbólga, vextir og gengi

Í desember 2012 mældist verðbólga 4,2% og hafði aukist nokkuð frá miðju sumri. Á sama tíma hefur gengi krónunnar veikt nokkuð en það skýrir stóran hluta hækkunarinnar. Þótt verðbólga sé enn nokkuð yfir markmiði og verði um sinn er líklegt að vaxtastigið verði óbreytt á næstunni. Kjarasamningar munu halda og laun hækkðu almennt um 3,25% í byrjun febrúar. Það kann að hafa einhver áhrif til hækkunar verðlags en ólíklegt er að Seðlabankinn bregðist sérstaklega við því. Hins vegar má ekki útiloka að vextir lækki ef þróun efnahagsmála snýst á verri veg, sérstaklega í alþjóðahagkerfinu en slíkt leiddi til versnandi viðskiptakjara hér á landi.

### Fjárfestingar enn litlar þrátt fyrir vöxt

Algert hrún hefur orðið í fjárfestingu frá árinu 2009 og undanfarin ár hefur fjárfesting sem hlutfall af landsframleiðslu verið í sögulegu lágmarki eða um og yfir 12%. Þekkt er að fjárfesting dregst mikið saman í kjölfar fjármálakreppu. Fjárfesting hefur því dregist mikið saman í þeim ríkjum sem urðu illa úti í kreppunni. Reynsla frá fyrri árum styður það. Það sem veikir stöðu Íslands í þessu samhengi er að skuldasöfnun var bæði hröð og mikil í aðdraganda kreppunnar.

Þegar hún svo skall á hækkðu skuldir mikið og við það dró mjög úr fjárfestingargetu. Þar á ofan hafa pólitísk óvissa og gjalddeyrishöft haft neikvæð áhrif á fjárfestingastigið.

Fjárfestingar einkageirans hafa samt sem áður aukist nokkuð og fyrstu 9 mánuði ársins 2012 jukust þær um 17,3% en fjárfesting opinberra aðila dróst hins vegar saman um 6,6%. Líkur eru á að hóflegur vöxtur verði áfram í fjárfestingum næstu misseri, aðallega í atvinnulífi og íbúðum en að lítill vöxtur verði í opinberri fjárfestingu. Sá hægi vöxtur veldur því að fjárfesting, sem hlutfall af landsframleiðslu, verður undir langtímaeðaltali næstu árin.

### Pokkaleg staða í alþjóðlegum samanburði

Þótt hagvöxtur hér á landi sé minni en búist var við er ljóst að í alþjóðlegum samanburði stöndum við nokkuð vel. Ef eingöngu er horft til þriðja ársfjórðungs nam samdráttur í heild sinni 0.6% innan Evrópusambandsins. Í Grikklandi, Portúgal og Slóveníu er alvarlegur samdráttur og í hinum stóru hagkerfum sambandsins ríkir stöðnun. Aðeins í Eystrasaltslöndum og Svíþjóð er meiri vöxtur innan sambandsins en hér á landi. Að flestra mati eru horfur í alþjóðahagkerfinu afar óljósar. Ef hagþróun í alþjóðahagkerfinu versnar enn frá því sem nú er hefur það án efa umtalsvert áhrif hér á landi. Annars vegar er líklegt að viðskiptakjör versni, einkum ef afurðaverð á útflutningsvörum okkar fer lækandi. Hins vegar er líklegt að öll innlend fjárfesting, sem háð er erlendri lánsfjármögnun, verði mun erfiðari ef kreppan ágerist. Loks mun aukin alþjóðleg efnahagsóvissa ýta undir áhættufælni og draga almennt úr vilja til fjárfestinga og auka útgjöld en það gæti grafið undan efnahagsbata hér á landi.

### Mikil óvissa

Þótt sæmilegur gangur sé nú í hagkerfinu ríkir mikil óvissa um þann hóflega efnahagsbata sem spáð er. Líklega er mest óvissa hvað varðar alþjóðlega efnahagsþróun sem mun ávallt hafa umtalsvert áhrif hér á landi. Mikil óvissa ríkir ennfremur um þróun gengis krónunnar og verðbólgu en hvort tveggja hefur áhrif á þróun stýrivaxta. Þótt búið sé að framlengja kjarasamninga renna þeir úr gildi í lok nóvember 2013 og sem fyrr tekur nokkur óvissa við í kjölfarið. Hins vegar ríkir samstaða um það meðal aðila vinnumarkaðarins að móta sameiginlega sýn á getu efnahagslífsins til að standa undir launahækkunum á næstu misserum í aðdraganda komandi kjarasamninga.



**S**amtök iðnaðarins hafa efnt til fjölda opinna funda og ráðstefna víða um land á starfsárinu. Viðfangsefni þeirra voru margvísleg og spanna breitt svið. Auk eigin funda og viðburða tóku SI einnig þátt í ýmsum fundum og viðburðum í samvinnu við aðra aðila.

### Iðnþing 2012

Tæplega 300 manns sóttu Iðnþing Samtaka iðnaðarins 15. mars í Íþrótt- og sýningarhöllinni þar sem rætt var um nýsköpun sem leið til að endurreisa íslenskt atvinnulíf. Erindi fluttu Helgi Magnússon, fráfarandi formaður SI, Oddný G. Harðardóttir, iðnaðarráðherra, Jón Danielsson, prófessor við London School of Economics, Rannveig Rist, forstjóri Alcan á Íslandi og Sigsteinn P. Grétarsson, aðstoðarforstjóri Marels. Orri Hauksson, framkvæmdastjóri SI, stýrði pallborðsumræðum með þátttöku frummælenda og Svönu Helenar Björnsdóttur, nýkjörins formanns SI. Aðalfundur SI var að vanda haldinn að morgni sama dags.

### Fjöldmenni á UT messu 2012

Mikill fjöldi sótti UT messuna 2012 sem haldin var á Grand hóteli í febrúar. Messan stóð frá morgni fram á kvöld og skiptist í nokkra viðburði. Þrjú þemu voru til umfjöllunar í málstofum þar sem erlendir og innlendir fyrirlesarar héldu áhugaverð erindi fyrir stjórnendur, UT-sérfræðinga í rekstri og hugbúnaðarþróunarfólk. Um 40 fyrirtæki voru með bása á glæsilegu sýningarsvæði sem var opið almenningi og örkynningar voru í boði.

Skýrslutækni félagið (Ský) stendur að UT messunni í samstarfi við Háskólann í Reykjavík, Háskóla Íslands, Microsoft Íslandi og Samtök iðnaðarins.

### Útboðsþing 2012

Árlegt útboðsþing SI um verklegar framkvæmdir var haldið í byrjun mars. Þingið var fjölmennt að vanda en kynntar voru opinberar verklegar framkvæmdir að fjárhæð 42 milljarðar króna. Auk Samtaka iðnaðarins standa Mannvirki og Félag vinnuvélaeigenda að útboðsþinginu.

### Fundur um gengislánin

Samtök iðnaðarins stóðu fyrir fjölmönnum morgunverðarfundum um gengislánin 2. mars. Ragnar H. Hall og Þorsteinn Einarsson, hæstaréttarlögmenn og Yngvi Örn Kristinsson, hagfræðingur ræddu nýfallinn dóm Hæstaréttar um vexti á gengislánum og áhrif hans.

### Markaðskröfur og staðlar fyrir lækningavöru og stoðkerfi á heilbrigðisviði

Samtök iðnaðarins og Samtök heilbrigðisíðnaðar efndu til morgunfundar 8. mars. Fundurinn var haldinn í Actavis. Fulltrúar þriggja fyrirtækja í heilbrigðisíðnaði - Össurar, Nox Medical og Medical Algorythm – fjölluðu um markaðskröfur og staðla fyrir lækningavöru og stoðkerfi á heilbrigðisviði.

### Menntadagur iðnaðarins

Menntadagur iðnaðarins 2012 var haldinn í Háskólanum í Reykjavík föstudaginn 9. mars. Yfirskrift málþingsins var *Markviss menntastefna* forsenda öflugs atvinnulífs. Þátttakendur voru ríflega 70 talsins. Málþingið var haldið samhliða Íslandsmóti verk- og iðngreina og Forritunarkeppni framhaldsskólanna og því var mikið líf og fjör þann dag í húsnæði HR.

Alls voru flutt níu erindi og þar var sérstaklega fjallað um stöðu menntamála miðað við aukna þörf fyrir verk- og tækni-menntað starfsfólk.

### Atvinnumessa í Laugardalshöll

Samtök iðnaðarins tóku þátt í atvinnumessunni sem fram fór í Laugardagshöll hinn 9. mars. Viðburðurinn var sameiginlegt framtak atvinnulífsins, stéttarféлага og stjórnvalda en messan var hluti af átaksverkefninu *Vinnandi vegur* sem hóf göngu sína 21. febrúar og stóð til loka maí. Markmið átaksins var að fjölga störfum og minnka atvinnuleysi. Fjöldmargir gestir sóttu sameiginlegan bás SA, SI, SVP og SAF til að fræðast um störf samtakanna og aðkomu að verkefninu.

### The Future is Bright

IGI – Samtök leikjaframleiðenda ásamt CCP, GOGOGIC, Íslandsstofu, Microsoft, Samtökum iðnaðarins og Símanum stóðu fyrir ráðstefnunni *The Future is Bright* 22. mars. Ráðstefnan var haldin í Hörpu samhliða EVE-Online Fanfest 2012. Á ráðstefnunni var sjónum beint að þeim tækifærum sem blasa við leikjaframleiðendum hvað varðar snjallsíma og tölvur. Fjallað var um framtíð tölvuleikjaframleiðslu hér á landi, tækifæri á alþjóðlegum markaði og hvernig þau verða best nýtt.

### Evrópumál rædd á félagsfundum SI

SI stóðu fyrir opnum félagsfundum í lok mars þar sem rætt var um Evrópumál. Á fundinum var kynnt ný og ítarleg könnun meðal félagsmanna SI um afstöðu til Evrópumála. Tæplega 59% félagsmanna voru andvígir Evrópusambandsaðild og hafði fjölgað um rúm 19 prósentustig frá árinu 2007. Tæp 69% félagsmanna sögðust greiða atkvæði gegn aðild ef Evrópusambandsaðild yrði borin undir þjóðaratkvæði. Viðhorf félagsmanna til upptöku evru hafði ekki áður mælst jafn neikvætt; um 36% sögðust hlynnt en 45% andvíg.

### Metþátttaka á Seed Forum Iceland

Fimm íslensk sprotafyrirtæki, tvö norsk fyrirtæki og eitt sænskt/breskt fyrirtæki kynntu fjárfestum starfsemi sína á Seed Forum Iceland hinn 13. apríl. Um tvö hundruð manns sóttu þingið og hafa aldrei verið fleiri. Aðalræðumaður þingsins var Joachim Krohn-Høegh, framkvæmdastjóri Argentum, sem er stærsti áhættufjárfestingarsjóður á Norðurlöndum með eignasafn sem er rúmlega 150 milljarða króna virði. Sprotaping Íslands rekur Seed Forum Iceland sem SI eiga aðild að.

### Fundur um nýfjárfestingar

Nýfjárfestingar og mikilvægi þeirra voru efst á baugi á vel heppnuðum fundi Samtaka iðnaðarins og Samtaka atvinnulífsins 25. apríl. Fjallað var um opinberar fjárfestingar í ljósi rammaáætlunar, samgönguáætlunar og nýs Landspítala. Að loknum framsöguerindum kynntu Bjarni Benediktsson, Sjálfstæðiflokkki, Sigurður Ingi Jóhannesson, Framsóknarflokkki, Magnús Orri Schram, Samfylkingu og Björn Valur Gíslason, Vinstri grænum afstöðu þingflokka til verkefna.

### Lean Ísland 2012

Hinn 2. maí hélt Sprettur ráðstefnuna *Lean Ísland 2012* í Hörpu. Úrvalsfyrirlesarar héldu erindi þar sem áhersla var lögð á Lean hugsun, stjórnun og menningu. Meðal fyrirlesara voru Dr. Jeffrey Liker sem er m.a. höfundur metsölubókarinnar *The Toyota Way: 14 Management Principles from the World's Greatest Manufacturer*. SI voru meðal styrktaraðila ráðstefunnar.

### Fjöldmennur fundur um fjármögnunarsamninga

Yfir eitt hundrað manns sóttu opinn fund SA, SI og SVÞ um fjármögnunarsamninga fyrirtækja 29. júní. Þar var rætt um þá réttaróvissu sem skapast hefur í kjölfar nýlegra dóma og útreikning vaxta af erlendum lánum sem dæmd hafa verið ólögleg. Þorsteinn Einarsson hrl. fjallaði um Lýsingardóminn og fordæmisgildi hans, Einar Hugi Bjarnason hrl. fjallaði um vexti ólöglegra erlendra lána og Hjördís D. Vilhjálmisdóttir, framkvæmdastjóri hjá Landsbankanum svaraði fyrirspurnum fundargesta.

### Metanól eldsneyti framtíðar

Metanól sem eldsneyti framtíðarinnar var umfjöllunarefni fundar sem Carbon Recycling International CRI hélt í samstarfi við Samtök iðnaðarins. Surya Prakash, prófessor í efnafræði við University of Southern California, forstöðumaður Loker Kolefnisstofnunarinnar og höfundur bókarinnar *Metanólhagkerfið*, fjallaði um metanól sem eldsneyti framtíðarinnar. Þá ræddi prófessor Kuiling Ding, sem er framkvæmdarstjóri Shanghai stofnunarinnar í lífrænni efnafræði og forstöðumaður Vísindaakademíunnar í Shanghai, m.a. um rannsóknir akademíunnar á aðferðum til að nýta koltvísýring sem hráefni til framleiðslu í efnafræði.

### Nauðsynlegt að sett verði löggjöf um vernd vöruheita á Íslandi

Samtök iðnaðarins, Samtök mjólkur- og kjötvinnslufyrirtækja og Samtök afurðastöðva í mjólkuriðnaði stóðu fyrir morgunverðarfundi um landfræðilegar merkingar í byrjun september. Á fundinum kom glögglega fram nauðsyn þess að



farið sé að vinna af fullri alvöru í þeim málaflokkki og að sett verði löggjöf um vernd landfræðilegra merkinga hér á landi eigi íslenskar útflutningsvörur að geta aðgreint sig á erlendum mörkuðum.

### SME Week helguð frumkvöðlastarfi kvenna

Ráðstefna í tilefni af evrópsku fyrirtækjavíkunni var haldin 18. október í Salnum í Kópavogi undir yfirskriftinni *Frumkvöðlar eru framtíðin*. Efnið var sniðið að þörfum allra frumkvöðla og hagsmunaaðila í stuðningsumhverfi nýsköpunar og frumkvöðlastarfs hér á landi. Reynslumiklar konur stigu á stökk en þær búa yfir ólíkri og fjölbreyttri reynslu af því ferli sem frumkvöðlar þurfa að ganga í gegnum við stofnun og rekstur eigin fyrirtækis. Leitast var við að svara spurningum í tengslum við alþjóðavæðingu fyrirtækja, fjárfestingarmat, nálganir og aðferðir við fjármögnun og mikilvægi tengslanetsins bæði í innlendu og erlendu samhengi. Framkvæmdaraðilar vikunnar á Íslandi eru Nýsköpunarmiðstöð Íslands, Rannís, Íslandsstofa, Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins og Samtök iðnaðarins.

### Matvælandið Ísland

Samtök iðnaðarins og fleiri samtök, fyrirtæki og stofnanir, stóðu fyrir ráðstefnunni um *Matvælandið Ísland* í nóvember. Þar var fjallað um þau fjölmörgu tækifæri sem felast í aukinni framleiðslu og sölu á íslenskum mat og tengdri þjónustu og hvernig auka má verðmætasköpun og nýta þær matarauðlindir sem landið býr yfir. Fluttir voru fyrirlestrar um sóknarfæri og vaxtarbrodda sem felast í matvælaframleiðslu hér á landi og samstarfi framleiðenda á öllum stigum, ferðaþjónustu og stjórnvalda.



# Stjórnarkjör SI

## Kortlagning upplýsingatæknigeirans

Íslandsstofa, í samstarfi við SUT, réðst í það metnaðarfulla verkefni að kortleggja útflutning í greininni til að sjá hvar samstarfsfletir liggja bæði varðandi gerð fyrirtækja og þá þætti, sem þau leggja áherslu á í markaðssetningu. Afraksturinn er skýrsla sem höfð verður að leiðarljósi í framhaldinu. Í desember var haldinn fjölmennur kynningarfundur sem rúmlega áttatíu manns úr greininni sóttu til að kynna sér helstu niðurstöður vinnunnar.

## Kynningarfundur um sæfiefni

SI, SVÞ og Umhverfisstofnun stóðu fyrir kynningarfundum í desember um nýja löggjöf um sæfiefni. Ian Pepper, ráðgjafi, hélt erindi þar sem m.a. kom fram að vænta má mikilla breytinga á sölu og framleiðslu sæfiefna á næstu árum og því sé tímabært að fyrirtæki hefji undirbúning að gerð nýrra reglna um markaðsleyfi.

## Samstarf er lykill að árangri – fundaröð um nýja byggingarreglugerð

Samtök iðnaðarins, Mannvirkjastofnun, Arkitektafélag Íslands, Verkfræðingafélag Íslands, Tæknifræðingafélag Íslands, Samband íslenskra sveitarfélaga og Félag bygginga-fulltrúa stóðu fyrir vel sóttum fundum í október og nóvember um land allt. Fundarefnið var ný byggingareglugerð, samræming eftirlits og leiðir til að auka samskipti innan byggingageirans. Tilgangur fundanna var að kynna breytt starfs-umhverfi mannvirkjageirans, gefa hlutaðeigandi tækifæri til að spyrja þeirra spurninga sem brenna á þeim og koma með ábendingar um hvað betur megi fara.

## Hádegiserindi í Toppstöðinni

SI héldu áfram samstarfi við Toppstöðina um að standa fyrir röð erinda um íslenska framleiðslu og vinnslumöguleika. Þrjú erindi voru haldin í janúar, febrúar og mars þar sem fjallað var um steypu, plast og lopa. Markmiðið með erindunum var að efla vitund um innlenda framleiðslukosti.

## Morgunfundir Tækni- og hugverkageirna

Tækni- og hugverkaiðnaður innan SI stóð fyrir röð morgunverðarfunda um málefni greinarinnar. Fundirnir hafa reynt vera góður vettvangur fyrir félagsmenn til að hittast og fara yfir tiltekin mál sem höfða til breiðs hóps félagsmanna í tæknisamtökunum. Meðal umfjöllunarefna voru fjármögnunarumhverfi sprotafyrirtækja, endurgreiðsla rannsókna- og þróunarkostnaðar, markaðsmál og skortur á hæfu starfsfólki.

**A**ð venju fór stjórnarkjör fram á aðalfundi. Kjörið fer fram með póstkosningu og úrslit kynnt á Iðnþingi. Vægi atkvæða félagsmanna tekur mið af félagsgjöldum. Kosningabátttaka var rúm 82%. Svana Helen Björnsdóttir var kjörin formaður SI. Þetta er í fyrsta sinn sem kona gegnir embætti formanns. Svana tók við af Helga Magnússyni sem verið hafði formaður frá 2006 og var því ekki lengur kjörgengur skv. lögum SI.

Í stjórnina voru endurkjörin Bolli Árnason, GT tækni ehf., Sigsteinn P. Grétarsson, Marel hf. og Vilborg Einarsdóttir, Mentor ehf.

Fyrir í stjórn Samtakanna eru Andri Þór Guðmundsson, Ölgerðinni Agli Skallagrímssyni ehf., Guðrún Hafsteinsdóttir, Kjörís ehf., Kolbeinn Kolbeinsson, Ístaki hf. og Tómas Már Sigurðsson, Alcoa Fjarðaáli.

Auk þeirra settist í stjórn SI Lárus Andri Jónsson, fulltrúi SART, skv. bráðabirgðaákvæði til tveggja ára.

Stjórn SI skipti með sér verkum á fyrsta fundi sínum og er Kolbeinn Kolbeinsson varaformaður og Andri Þór Guðmundsson ritari.

## Ráðgjafaráð

Þeir tveir, sem næstir voru því að ná kjöri til stjórnar, tóku sæti í ráðgjafaráði SI til eins árs og eru jafnframt vararmenn í stjórn SI. Þeir eru Halldór Einarsson, Henson ehf. og Hilmar Veigar Pétursson, CCP hf.



Svana Helen Björnsdóttir kjörin formaður



Bolli Árnason endurkjörinn



Sigsteinn P. Grétarsson endurkjörinn



Lárus Andri Jónsson nýr í stjórn



Vilborg Einarsdóttir endurkjörinn

# Samstarfsverkefni



## Samkomulag um eflingu grunnmenntunar í tækni- og raunvísindum

Mennta- og menningarmálaráðuneyti, Samband íslenskra sveitarfélaga og Samtök iðnaðarins skrifuðu undir samkomulag í apríl um eflingu menntunar í tækni og raunvísindum á miðstigi grunnskóla. Samstarfsaðilar eru Menntavísindasvið Háskóla Íslands og Námsmatsstofnun. Samkomulagið fól í sér að lagt yrði fram fé og mannaflí til að greina núverandi stöðu menntunar í tækni- og raunvísindum hér á landi og í samanburði við önnur lönd. Í kjölfarið var gerð áætlun um aðgerðir sem eru til þess fallnar að auka hæfni grunnskólanemenda á þessu sviði. Í desember kom út skýrslan Raunvísinda- og tæknimenntun: *Staða íslenskra nemenda og framtíðarþörf samfélagsins* eftir Elsu Eiríksdóttur og aðgerðáætlunin *GERT – Grunnmenntun í raunvísindum og tækni*.



## Mat opinberra verkkaupa á hæfi bjóðenda í útboðum á verkframkvæmdum

Í desember undirrituðu Framkvæmdasýsla ríkisins, Samtök iðnaðarins, Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar og Vegagerðin yfirlýsingu um hæfi bjóðenda í útboðum á verkframkvæmdum. Verkkauparnir lýsa því jafnframt yfir að þeir muni vinna í samræmi við ákvæði þess skjals í útboðum á þeirra vegum. Mati opinberra verkaupa á hæfi bjóðenda í útboðum á verkframkvæmdum er ætlað að tryggja að verktakar búi yfir þeirri tæknilegu og fjárhagslegu getu sem nauðsynleg er við slíkar framkvæmdir.



## Samningar undirritaðir um Food & Fun hátíðina í Reykjavík

Samtök iðnaðarins tóku að sér rekstur matarhátíðarinnar Food and Fun og gerði í kjölfarið þriggja ára saming við Icelandair og Reykjavíkurborg. Samningnum er ætlað að leggja traustan grunn að því að þróa og efla þessa árlegu matarhátíð sem lengi hefur átt fastan sess í menningarlífi Reykjavíkurborgar. Food & Fun 2012 var haldið dagana 29. – 4. mars og hefur aldrei verið glæsilegri en þetta var í ellefta sinn sem hátíðin er haldin.

# Starfsgreinahópur í prentiðnaði



## Fundur Nordisk Grafisk Råd var haldinn hér á landi í september

Ráðið kemur saman á tveggja ára fresti og Norðurlandaþjóðirnar skiptast á að bjóða fulltrúum heim. Erlendir þátttakendur voru samtals 14. Meðal þeirra voru fjórir framkvæmdastjórar atvinnurekendasamtaka á Norðurlöndum á sviði prentiðnaðar auk formanna og annarra stjórnarmanna viðkomandi samtaka sem eru eigendur stórra prentsmiðja á Norðurlöndum.

Fulltrúar SI á fundinum voru Sigurður B. Halldórsson og Bjarni Már Gylfason SI, Björn M. Sigurjónsson, sviðsstjóri prenttæknisviðs Iðunnar og Sveinbjörn Hjálmarsson, framkvæmdastjóri Burðargjalda ehf. Fundurinn tókst vel og gestirnir voru mjög ánægðir með heimsóknina og alla skipulagningu henni tengdri.

Á fundinum var m.a. rætt um starfsskilyrði í prentiðnaði og hugmyndir Dana um að Norðurlandaþjóðirnar taki upp nánara samstarf í stað þess að beina öllum kröftunum að Evrópusamstarfi. Farið var með gestina í ferð um Borgarfjörð og Oddi bauð til móttöku í starfsstöð fyrirtækisins að Höfðabakka.

Prentgeirinn hér á landi rúmar mörg ólík störf en prentun, bókband og grafísk miðlun eru undirstöðugreinar hans. Prentfyrirtæki eru hátæknivædd þjónustufyrirtæki og starfsgreinin hefur tekið stórfelldum tæknibreytingum.

Innan Samtaka iðnaðarins starfar starfsgreinahópur fyrir-tækja í prent- og pappírsiðnaði en samtök atvinnurekenda í prenti voru meðal stofnenda SI fyrir rúmum áratug.



**Prýði**  
Verk í höndum meistara

# Starfsgreinahópur í þjónustuiðnaði



Prýði, starfsgreinahópur í þjónustuiðnaði fundaði reglulega á árinu og ræddi ýmis hagsmunamál sinna greina.

Efst á baugi var svört og ólögleg atvinnustarfsemi sem hefur verið ört vaxandi vandamál í þjónustuiðnaðinum. Félög innan hans hafa reynt að bregðast við slíku með virkri upplýsingagjöf innan félaganna og útsendingu bréfa þar sem atvinnurekendur eru hvattir til að taka á vandamálinu. Þá hefur fyrirhuguð endurskoðun á iðnlöggjöfinni verið til umfjöllunar innan Prýði og hafa félög innan þjónustuiðnaðarinnar skilað inn umsögnum til atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins og átt fundi með starfsmönnum þess.

Framundan er að efna til stefnumótunarfundar þjónustugreina þar sem mótuð verður framtíðarsýn greinanna og teknar ákvarðanir um meginverkefni Prýði á komandi misserum.



# Sterkur bakhjarl

**S**amtök iðnaðarins standa fyrir viðburðum og styrkja marga slíka sem og verkefni í samstarfi við aðra í þeim tilgangi að styðja við fjölbreytt málefni sem varða hag íslensks iðnaðar.

## Skúlaverðlaunin 2012

Skúlaverðlaunin eru veitt fyrir besta hlutinn sem

þátttakandi í sýningunni *Handverk og hönnun* skapar. Samtök iðnaðarins gefa verðlaunin sem kennd eru við Skúla Magnússon fógeta, frumkvöðul smáiðnaðar í Reykjavík. Orri Hauks-son, framkvæmdastjóri SI, afhenti Marín Möndu verðlaunin við opnun sýningarinnar. Vinningshluturinn var standandi jólapakkakort.

## Fjöreggið á Matvæladegi MNÍ

Fjölmenni var á Matvæladegi MNÍ sem haldinn var í október. Umfjöllunarefni ráðstefnunnar voru matvælaöryggi og neytendavernd. Í upphafi ráðstefnunnar afhenti Orri Hauksson, framkvæmdastjóri SI og formaður dómnefndar, Hafberg Þórisssyni, stofnanda og eiganda Lambhaga, *Fjöregg MNÍ*. Fjöreggið er verðlaunagripur, hannaður af Gleri í Bergvísi og er veittur hvern matvæladag fyrir lofsvert framtak á sviði matvæla eða næringar. SI hafa gefið gripinn frá upphafi.

## Hönnunarmars 2012

Hönnunarmars fór fram í fjórða sinn dagana 22. - 25. mars. Hönnunarmars er fjögurra daga hönnunarhátíð í Reykjavík þar sem dagskráin er barmafull af fjölbreyttum og spennandi viðburðum af ýmsu tagi. Samtök iðnaðarins eru einn af bak-hjörllum hátíðarinnar. Meðal dagskrárliða var sýning húsgagnaframleiðenda í Víkinni Sjóminjasafni þar sem íslenskir framleiðendur kynntu nýja íslenska framleiðslu þar sem ígrunduð hönnun og frábært handbragð haldast í hendur. Þá var haldin sýning á afrakstri námskeiðsins „Vistvæn nýsköpun matvæla“ í tengslum við nemakeppnina EcoTrophelia Iceland 2012 um titilinn ljúffengasta, frumlegasta og vistvænasta matvaran árið 2012.

## Nýsköpunarverðlaun forseta Íslands

Nýsköpunarverðlaun forseta Íslands 2012 voru veitt á Bessastöðum 14. febrúar. Verkefnið, sem hlaut verðlaunin að þessu sinni, heitir Áhættureiknir fyrir hjarta- og kransæða-sjúkdóma hjá öldruðum en hönnuður þess er Vilhjálmur Steingrímsson, nemandi í læknisfræði við Háskóla Íslands. Samtök iðnaðarins gáfu verðlaunin. Verðlaunagripurinn, *Hnallur*, er úr endurunnu efni og gerður af Daníel Hirti Sigmundssyni og Lindu Mjöll Stefánsdóttur sem mynda lista- og hönnunarteymið Krukku.

## Samstarfsverkefni íslenskra hönnuða og álframleiðenda í Svíþjóð

Samtök iðnaðarins, Samál og Hönnunarmiðstöð Íslands eru í samstarfi við sænska álframleiðendur um fyrsta hluta þróunarverkefnis milli íslenskra hönnuða og sænskra álframleiðenda. Verkefnið varðar vinnustofu „workshop“ fyrir valda hönnuði og fór fram í Svíþjóð í apríl. Markmið verkefnisins er að efla þekkingu og skilning á efninu áli með áherslu á umhverfi, nýsköpun, hönnun og tæknimiðlun. Einnig er því ætlað að miðla þekkingu á tækni, iðnaði og iðnaðarframleiðslu milli norrænna þjóða. Svíar, Íslendingar og Norðmenn standa að verkefninu.

## Íslandsmót iðn- og verkgreina aldrei stærra og glæsilegra

Hundrað og sjötíu nemendur í 19 iðn- og verkgreinum kepptu á Íslandsmóti iðn- og verkgreina 9. og 10. mars. Þetta var í sjötta sinn sem Íslandsmótið var haldið og keppn-

in hefur aldrei verið stærri eða glæsilegri en um 2.200 grunnskólanemar komu og kynntu sér menntunartækifæri í keppninni.

Verkið stendur fyrir Íslandsmótinu hérlendis og þátttöku Íslendinga í "World skills." Að Verkið standa, Bílgreina-sambandið, FBM, Iðnaðarmannafélagið í Reykjavík, Iðnmennt, MATVÍS, Meistarasamband byggingarmanna, Rafiðnaðarsambandið, SAF, Samiðn, Samtök iðnaðarins, SART og VM.

## Hugmyndasmiðir framtíðarinnar verðlaunaðir

Nýsköpunarkeppni grunnskólanemenda var haldin í 21. sinn en tilgangur hennar er að efla nýsköpunarstarf í grunnskólum og gera börnum grein fyrir sköpunargáfu sinni og hvernig þroska megi hana með því að vinna með eigin hugmyndir. Samtals 40 þátttakendur víðs vegar af landinu tóku þátt í vinnusmiðju NKG og 14 þeirra hlutu verðlaun. Þar af voru 12 hugmyndir en alls bárust 1.100 hugmyndir frá 32 grunnskólum. NKG er haldin á vegum mennta- og menningarmálaráðuneytisins. Aðalbakhjarl er Marel en aðrir bakhjarlar eru Háskólinn í Reykjavík, Háskóli Íslands, Landsbankinn og Samtök iðnaðarins.

## BOXID – framkvæmdakeppni framhaldskólanna

BOXID – framkvæmdakeppni grunnskólanna - er samstarfsverkefni Samtaka iðnaðarins, Háskólans í Reykjavík og Sambands íslenskra framhaldsskólanema. Átta skólar komust í úrslit og tóku þátt í æsispennandi keppni sem lauk með sigri Menntaskólans í Reykjavík. Markmið keppinnar, sem nú var haldin í annað sinn, er að kynna og vekja áhuga á tækni, tækninámi og störfum í iðnaði. Keppnin fólst í þrautabraut með sjö stöðvum og fóru liðin milli brauta og leystu ólíkar þrautir á hverjum stað. Þrautirnar reyndu bæði á hugvit og verklag. Fyrirtæki úr ólíkum greinum iðnaðarins útbjuggu þrautirnar í samstarfi við fræðimenn Háskólans í Reykjavík.

## Völundur – sjónvarpsþættir um nýsköpun í iðnaði

Samtök iðnaðarins stóðu fyrir gerð fimm forvitnilegra og fjölbreytilegra sjónvarpsþátta um nýsköpun og þróunarstarf í íslenskum iðnaði í samstarfi við Ara Trausta Guðmundsson og kvikmyndafyrirtækið Lífsmynd. Leitað var fanga hjá sextán fyrirtækjum í afar ólíkum iðngreinum, allt frá kaffi- og ullar-iðnaði til tölvu- og véltæknigreina. Þættirnir voru sýndir á RÚV í nóvember.

# Stjórn SI ályktar

## Stjórn SI sendi frá sér tvær ályktanir á árinu auk ályktunar Iðnbings

Í byrjun árs lýsti stjórn Samtakanna yfir áhyggjum af fyrirhuguðum breytingum á skipan iðnaðar- og auðlindamála í stjórnarráði Íslands. Samtökin töldu ríka ástæðu til að verklag og verkaskipting hjá hinu opinbera yrðu endurskoðuð en varhugavert að deila verkefnum þáverandi iðnaðarráðuneytis milli umhverfisráðuneytis annars vegar og óstofnaðs atvinnuvegaráðuneytis hins vegar. Stjórnin lýsti einnig yfir áhyggjum af því að málefni íslensks iðnaðar ættu tímabundið að verða hlutastarf einhvers sitjandi ráðherra ríkisstjórnarinnar og verða þannig afgangsstærð í pólitískum viðskiptum meðan breytingar á stjórnarráðinu væru útfærðar.

Stjórn SI lagði áherslu á mikilvægi þess að ríkt samráð yrði haft við svo stórar greinar atvinnulífsins sem iðnaðurinn er þegar leggja ætti niður ráðuneyti þeirra og haga stjórnsýslu þeirra með breyttum hætti.

Á haustdögum samþykkti stjórn SI ályktun um fjárlagafrumvarpið fyrir 2013. Að mati Samtakanna gekk frumvarpið í fjölmörgum atriðum gegn veigamiklum hagsmunum íslensks iðnaðar og bar þess jafnframt glöggvitni að stjórnvöld hygðust ganga á bak fyrri orða sinna og samninga. Í heild voru hefðbundnar skattahækkningar valdar til að reyna fylla fjárlagagatið en slíkar ráðagerðir draga úr getu atvinnulífsins til að skapa hagvöxt, störf og þar með tekjur fyrir ríkissjóð. Stjórnin mótmælti álagningu vörugjalda, svonefndum sykurskatti, og taldi þau vinnubrögð stjórnvalda óásættanleg að lækka ekki tryggingagjald og leggja ekki niður tímabundinn orkuskatt. Samtökin lýstu þó yfir ánægju sinni með hækkun framlaga til Tækniþróunarsjóðs sem SI hafa lengi lagt ríka áherslu á að yrði gert.

## Ályktun Iðnbings 2012

Fjárfestingar hefjist af krafti

Skýr opinber umgjörð í sátt við athafnalífið

Markvisst afnám hafta

Þjóðin skeri úr um Evrópu- og gjaldmiðlamál

Eftirlitsaðilar verði ekki ríki í ríkinu

Langtíma samvinna menntakerfis og atvinnulífs

Það er verk að vinna í íslenskum hagkerfi. Lykilatriði er að koma arðbærum fjárfestingum af stað á nýjan leik. Þannig má leggja grunn að hagvexti næstu ár, skapa atvinnutækifæri sem sárlega skortir og uppfæra innviðina í landinu. Þó að enginn opinber ágreiningur virðist um þá nauðsyn, hafa ný fjárfestingarverkefni ekki skapast í ríkum mæli árum saman. Helstu ástæður þessa dráttar framan af voru slæm skuldastaða heimila, fyrirtækja og hins opinbera.

Undanfarin misseri hefur opinber stefnumörkun verið helsta hindrunin. Í sumum lykiltívikum skortir sárlega skýrt lagaumhverfi sem nær útilokar langtímahugsun. Rammaáætlun um virkjun og verndun orkukosta tefst ítrekað í pólitísku þræfli innan stjórnarráðsins. Sjávarútvegur og tengdar iðngreinar búa við sífellda óvissu um stöðu sína til framtíðar. Framkvæmdir við samgöngumannvirki fara löturhægt af stað, þótt lífeyrissjóðir hafi boðist til að fjármagna arðbær verkefni til langs tíma. Tilviljanakenndar og örur breytingar á skattkerfinu brengla myndina enn frekar.

Á sama tíma beina hin stífu og stagbættu gjalddeyrishöft innlendum fjárfestum að sömu fáu fjárfestingarkostunum. Af þeim sökum er farið að bera á bólu myndun í sumum eignaflokkum, svo sem opinberum skuldaþréfum og tilteknum tegundum fasteigna. Stjórnvöld og Seðlabanki verða að gera alvöru úr því að hefja markvisst afnám hafta í stað þess að nefna það markmið aðeins á háttíðarstundum. Þar þarf að vinna hratt og skipulega, ekki síst til að lífeyrissjóðir þjóðarinnar geti ávaxtað fé sitt með dreifðari og áhættuminni hætti en því einu að fjármagna hallarekstur opinberra aðila á Íslandi.

Jafnframt þarf að komast að niðurstöðu um framtíðarskipan gjaldmiðlamála í landinu og leiða til lykta spurninguna um aðild Íslands að Evrópusambandinu. Þjóðin verður að eiga síðasta orðið í því efni eigi sátt að geta ríkt. Umsóknarferlið hefur reynst tafsamara en stefnt var að. Brýnt er að samningum ljúki með eins hagstæðri niðurstöðu fyrir landsmenn og frekast er unnt.

Á undanförunum árum hefur opinberum eftirlitsaðilum vaxið mjög fiskur um hrygg. Í sumum tilvikum var sá vöxtur eðlileg viðbrögð við boðaföllum bankahrunsins en víða er reglubyrðin komin út í hreinar öfgar. Þannig hefur beinn og óbeinn kostnaður atvinnulífsins af að hlíta kröfum um eftirlit snaraukist. Óskum fyrirtækjanna um sveigjanleika og samvinnu við eftirlitsstofnanir er verr tekið en fyrr.

Atvinnulífið leggur sífellt aukna áherslu á menntað og sérhæft vinnuafli. Þarfir hagkerfisins breytast hratt í kjölfar hinnar ósjálfbæru lána- og fjármálaþenslu á síðasta áratug. Mikilvægt er að tengja menntastarf frá fyrstu skólastigum við starf fyrirtækjanna í landinu og glæða snemma áhuga barna á tækni, raunvísindum og skapandi hugsun. Samtök iðnaðarinnar hafa þar verk að vinna og eiga að taka frumkvæði í slíku samstarfi atvinnulífs við kennara, sveitarfélög og menntayfirvöld. Rétt eins og Samtökin eiga áfram að sinna slíku starfi af krafti á efri skólastigum.



**S**amkvæmt starfsreglum MSI eru einungis kosnir formaður og varaformaður. Þorsteinn V. Sigurðsson var áfram kjörinn formaður og Valdimar Bjarnason varaformaður.

Málefni sem komið hafa til kasta MSI síðasta starfsárið eru af mörgum toga.

### Hugsanleg endurskoðun á iðnaðarlögum

MSI sendi sameiginlega umsögn vegna hugsanlegrar endurskoðunar á iðnaðarlögum þar sem varað er við því að fella niður lögverndun í byggingariðnaði. MSI átti fund með nefnd á vegum iðnaðarráðuneytisins þar sem viðruð var hugmynd varðandi starfsleyfi sem í raun gerði iðnlöggjöfina óþarfa. Starfsleyfið gæti hugsanlega komið í veg fyrir kennitölufлак.

# Meistaradeild SI

## Kynning á gæðakerfi SI og virkni gæðastjórnunar í mannvirkjagerð

Ferdinand Hansen kom á stjórnarfund MSI og kynnti í stuttu máli niðurstöður úr mastersritgerð Önnu Huldu Ólafsdóttur „Virkni gæðastjórnunar á mannvirkjagerð.“ Þar kemur skýrt fram að þeir verkkaupar, sem skipt hafa við verktaka sem hafa tileinkað sér að vinna í umhverfi virkrar gæðastjórnunar, eru ánægðari bæði með samskipti og vinnubrögð þeirra en hinna sem ekki vinna í umhverfi gæðastjórnunar. Þá stóð meistaradeildin fyrir kynningu á gæðakerfi í meistarafélögum um land allt. SI hefur í samvinnu við IÐUNA staðið fyrir námskeiðum í notkun „gæðakerfa“ fyrir byggingarstjóra og iðnmeistara og hafa þau verið vel sótt.

## Kynning á mannvirkjalögum og nýrri byggingarreglugerð

SI, Mannvirkjastofnun og fleiri aðilar stóðu fyrir fundum víða um land fyrir hönnuði, tæknimenn, iðnaðarmenn og eftirlitsaðila um nýja byggingarreglugerð, samræmingu eftirlits og leiðir til að auka samskipti innan byggingageirans. Samtök iðnaðarins og Búseti létu óháðan aðila gera kostnaðargreiningu á byggingu mannvirkis samkvæmt nýju byggingarreglugerðinni. Sú greining leiddi í ljós að kostnaðaraukingin er talsverð. Rétt fyrir áramót voru gefnar út mildandi breytingar á reglugerðinni og skipaður vinnuhópur til að gera tillögur að betrubætttri reglugerð.

## Útboðsgögn og staðlaðar verklýsingar

SI og Nýsköpunarmiðstöð Íslands hafa unnið að því að gera grunn að stöðluðum verklýsingum en lítið komist áleiðis. Skipaður hefur verið vinnuhópur til að vinna þessu máli brautargengi, meðal annars með aðkomu Reykjavíkurborgar sem ætlar að ráða aðila til að rýna í útboðsgögn borgarinnar.

## Ábyrgðarsjóður MSI

Félagsmenn hafa verið hvattir til að láta upplýsingar um Ábyrgðarsjóð MSI fylgja tilboðum og gæta þess að gera skriflegan samning við verkkaupa.

## Stefnumótun MSI

Um miðjan febrúar fór meistaradeildin í stefnumótun. Aðsókn var góð og mikill samhljómur meðal fulltrúa allra meistarafélaga sem standa að MSI.

Framtíðarsýn MSI til ársins 2018 er meðal annars þessi:

- *Sterk og arðsöm fyrirtæki af öllum stærðum í stöðugum vexti.*
- *Eftirsóknarverð og traust atvinnugrein með framúrskarandi þjónustu.*
- *Starfsskilyrði byggingariðnaðar hafa tekið stakkaskiptum.*
- *Samkeppnishæft skatta- og fjármálakerfi.*
- *Verk- og tæknimenntun í takti við tímann.*
- *Samstarf og traust – hornsteinn MSI.*
- *Skilvirk stjórnun og vottun.*
- *Heilbrigður útboðsmarkaður.*

Margt þarf að vinna til að þessi markmið náist og er vinna hafin við þau mál sem hæst skorðu í stefnumótuninni. Þau eru:

- *Gæðakerfi í öll fyrirtæki til að fullnægja ákvæðum byggingarreglugerðar.*
- *Verklýsingar – vegvísir til réttra útboðsgagna.*
- *Eftirfylgni á fagkröfum við útboð (menntaðir iðnaðarmenn vinni verkin).*
- *Sveiflujöfnun hins opinbera í verklegum framkvæmdum – stöðugleiki.*
- *Starfsleyfi – verndun iðnmenntunar – afnám kennitöluflakks.*



# Málm- og véltæknigreinar horfa til framtíðar

Þegar á allt er litið voru næg verkefni á árinu hjá málm- og véltæknifyrirtækjum sem skiptast í meginatriðum í viðhaldsþjónustu og nýsmíði. Viðskiptavinir greinarinnar eru að stærstum hluta hér á landi en þó er merkjanleg sókn á erlenda markaði sem gefur til kynna að greinin sé ágætlega samkeppnisfær. Þetta var lagt til grundvallar þegar MÁLMUR, sem er samtök málm- og skipaiðnaðarfyrirtækja og SI mótuðu á síðasta ári nýja framtíðarstefnu sína til næstu fimm ára. Þar er gert ráð fyrir að sú iðngrein – með alla sína möguleika á innlendum og erlendum mörkuðum – verði ein af grunnstoðum í frekari uppbyggingu atvinnulífs hér á landi. Hér á í hlut atvinnugrein þar sem virðisauki er einna mestur ef allt er með felldu í starfsumhverfinu en það er forsenda þess að unnt sé að stunda vörupróun, greiða góð laun og bjóða eftirsóttar vörur og þjónustu sem hægt er selja háu verði á alþjóðamarkaði og innanlands. Þess vegna gætti nokkurrar bjartsýni þegar fulltrúar fyrirtækja í greininni horfðu til framtíðar við stefnumótunina og mátu þau tækifæri sem fyrir liggja innan greinarinnar. Lengstur tími í þeirri vinnu fór í að skilgreina þá þætti sem mestu skipta til þess að unnt verði að stórefla íslenskan málmíðnað á komandi árum.

## Virk stjórnun og endurmenntun

Mönnum er ljóst að forsenda frekari árangurs er að efla virka stjórnun innan fyrirtækjanna og auka gæði alls þess sem frá þeim fer ásamt því að efla stórlega menntun og þjálfun starfsfólks og stjórnenda. Þá skiptir sköpum að laga sig sífellt að nýjustu tækni og reka öflugt markaðsstarf. Þátttakendur í stefnumótunarvinnunni lögðu jafnframt áherslu á að stjórnvöld hvers tíma verði að tryggja atvinnulífinu góð samkeppnis- og rekstrarskilyrði þar sem stöðugt starfsumhverfi verði algjört undirstöðuatriði ásamt trúverðugri peningastefnu. Takist allt þetta með nokkrum sóma eru nánast engin takmörk fyrir því hvað tæknigreinin getur vaxið og dafnað enda eru tækifærin óþrjótandi.

## Skilgreind verkefni

Til að tryggja að unnið verði að þeim mállefnum á vegum félagsins og heildarsamtakanna sem mestu skipta til að sé árangur náist, sem stefnt er að á fyrrgreindum sviðum, voru



skilgreind verkefni sem vinna skal að næstu fimm árin. Þar ber hæst að auka skipulag innan fyrirtækjanna sjálfra í anda þeirrar gæðastjórnunnar sem SI hefur boðið aðildarfyrirtækjum síðustu árin í fjórum áföngum. Áfram verður haldið við að efla enn frekar grunnmenntun fyrir greinina og leita nýrra leiða í þeim efnum í samstarfi við skólana. Endurmenntun fagmanna í greininni er og verður eitt af mikilvægustu verkefnum samtakanna. Þar verður áfram lögð áhersla á að fylgjast með nýjustu tækni í greininni í nágrennlöndunum og færa hana yfir til starfsmanna fyrirtækjanna í formi námskeiða eða þjálfunar á sjálfum vinnustöðunum. Þá var talið mjög mikilvægt að eignast tæknistofnun fyrir mál- og véltækniiðnaðinn en vísir að slíkrar starfsemi lagðist, illu heilli, niður hjá Iðntæknistofnun sem nú heitir Nýsköpunarmiðstöð Íslands. Fleiri verkefni voru mótuð í þessari stefnumótunavinnu sem verður undirstaða starfs félagsins og heildarsamtakanna fyrir fyrirtæki í greininni næstu árin. Fyrri verkáætlun, sem unnið hefur verið eftir frá árinu 2004, reyndist mjög vel og margt, sem þá var stefnt að því að vinna að, hefur gengið eftir og sést afrakstur þess starf víða í fyrirtækjunum.

### Óljós verkefnastaða

Fyrirtæki innan Félags blikksmiðju-eigenda tókst að mestu að afla nægra verkefna á síðasta ári enda þótt þau séu mjög nátengd byggingariðnaðinum sem hefur átt undir högg að sækja frá hrúni. Ástandið er þó mjög viðkvæmt og verkefni eru ekki sjáanleg langt fram í tímann. Smiðjurnar eru flestar mjög vel tækjum búnaðar og hafa afbragðs fagmenn í sinni þjónustu. Þær hafa því leitað víða fanga með verkefni enda færar í flestan sjó við fínsmíði úr hvers konar málum og einnig að hanna og smíða flóknar vélasamstæður í loft-ræstikerfi sem áður voru að mestu flutt inn til landsins.



## SART – Samtök rafverktaka

SART gengu til liðs við SI um áramótin 2011 og 2012. Samtökin voru stofnuð árið 1949 og höfðu allt frá þeim tíma verið beinn aðili að Vinnuveitendasambandi Íslands og síðar ein af stöðum Samtaka atvinnulífsins. Innganga í SI hefur því haft töluverðar breytingar í för með sér fyrir rekstur samtakanna og tími stjórnar og starfsmanns fyrsta árið að mestu farið í að móta starfið í nýju umhverfi. Félagsmenn SART eru að langstærstum hluta löggiltir rafverktakar og rafeindavirkjameistarar, tæplega tvö hundruð fyrirtæki.

Verkefnastaðan í rafiðnaðinum var þökkaleg á árinu þrátt fyrir að útboðsmarkaðurinn væri í sögulegu lágmarki. Framkvæmdir við álverið í Straumsvík hjálpuðu mikið til en annars voru verkefni að mestu tengd föstum viðskiptavinum í endurnýjun og viðhaldi. Orkugeirinn hefur verið undirstaða verkefna hjá rafverktökum og rafhönnuðum undanfarin ár og því er það áhyggjuefni að engin verkefni á því sviði eru í farvatninu. Þrátt fyrir þessa stöðu vantar rafiðnaðarmenn, stór hópur rafvirkja er farinn erlendis og annar stór hópur er í farandvinnu í Noregi, hættan er sú að við töpum þeim líka.

SART ásamt Rafiðnaðarsambandi Íslands standa sameiginlega að rekstri Rafiðnaðarskólans og Fræðsluskrifstofu rafiðnaðarins. Rafiðnaðarmenn hafa alla tíð staðið þétt saman þegar kemur að menntun og endurmenntun og samstaða um rekstur þessara stofnana og gott samstarf við verkmenntaskólana hefur fram til þessa skilað nýliðun í greininni umfram margar aðrar iðngreinar. Velgengni fyrirtækjanna byggist á því að unga fólk sækir í iðn- og tæknigreinar og því ástæða til að gefa hvergi eftir á þeim vettvangi.

Rafverktakar eru duglegir að hittast og eiga góðar stundir saman. SART skipulagði hópferð á raftækniþinguna í Frankfurt í apríl og komust færri að en vildu. Í árlega haustferð í Búðarháls var metþátttaka.



**Samstarf er lykill að árangri**  
**Fjöldmargir fundir með félagsmönnum voru haldnir víðsvegar um landið til kynningar á nýju byggingareglugerðinni**



## Helstu breytingar á byggingareglugerð

**A**llt frá því að ný byggingareglugerð leit dagsins ljós þann 8. febrúar 2012 hafa Samtök iðnaðarins ásamt aðildarfélögum og fleiri hagsmunaaðilum unnið að því kynna reglugerðina, greina breytingarnar og meta vægi þeirra í byggingarkostnaði. Haldnir voru kynningarfundir víða um land og SI ásamt Búseta sendu erindi til Mannvirkjastofnunar þar sem óskað var eftir mati á kostnaðaráhrifum nýrrar byggingareglugerðar. Svar barst þann 19. október frá Mannvirkjastofnun þar sem kom fram að kostnaðarauki á hinum ýmsu liðum væri ýmist enginn eða óverulegur. Að mati fulltrúa SI og Búseta var svarið ófullnægjandi, spurningum ekki svarað nema að hluta og niðurstöður því ekki marktækar. Því fengu SI og Búseti óháðan aðila, Hannarr ehf., til að kostnaðarreikna tiltekið hús, sem byggt var árið 2008, og meta þær breytingar sem þyrfti að gera til að uppfylla nýja byggingareglugerð. Rétt er að geta þess að þetta tiltekna mannvirki uppfyllti langtum meira en lágmarkskröfur eldri reglugerðar. Niðurstaða kostnaðarútreiknings var að byggingakostnaður við mannvirkið hækkaði um 9,6% að lágmarki vegna verulega aukinna krafna um einangrun, stækkun rýma (vegna algildrar hönnunar), lyftu o.fl.

Þann 7. desember fengu SI drög að breytingum á reglugerðinni. Gefinn var frestur til 11. desember að skila umsögn um drögin. Samtökin mótmæltu þessum flýti enda er byggingareglugerðin stærsta reglugerð landsins og

nauðsynlegt að gefinn verði tími til að rýna vel í allt henni viðkomandi.

Þessari umfangmiklu vinnu lauk svo skömmu fyrir jól, þegar ráðherra gaf út mildandi breytingar. Ráðherra gaf einnig út að skipaður yrði vinnuhópur til að fara yfir reglugerðina í heild sinni og skila tillögum í byrjun apríl 2013. Endanleg byggingareglugerð á að liggja fyrir 15. apríl 2013 þegar bráðabirgðaákvæðið fellur úr gildi.

SI á fulltrúa í vinnuhópnum og mun

hann koma á framfæri nauðsyn þess að viðhalda fjölbreytni og sveigjanleika í hönnun og gerð mannvirkja. Þá munu samtökin leggja áherslu á að öll mannvirki þurfi ekki að uppfylla algilda hönnun. Mikilvægt er að mati SI að hugsa til allra hópa, t.d. fyrstu íbúðakaupenda og að halda framleiðslukostnaði í lágmarki.

### Talning íbúða

Samtök iðnaðarins stóðu fyrir talningu íbúða í byggingu á höfuðborgarsvæðinu í nóvember 2011 og ágúst 2012. Niðurstaðan úr seinni talningunni var að íbúðir í fjölbýli, sem eru fokheldar og lengra komnar, voru 545 talsins. Þar af voru ekki nema 192 íbúðir íbúðarhæfar. Í flokki fokheldra og lengra kominna hafði íbúðum fækkað um 292 á milli talninga.

SI hafa lengi bent á að nauðsynlegt sé að hefja nýframkvæmdir og íbúðamarkaðurinn er þar með talinn. Ef ekkert verður að gert verði skortur á íbúðum, jafnvel fyrr en áður var talið.

#### Talning í ágúst 2012

Fokhelt og lengra komið

Íbúðir í fjölbýli 545 Rað- og parhús 176 Einbýli 64 Samtals 785

Sökkklar og að fokheldu

Íbúðir í fjölbýli 392 Rað- og parhús 40 Einbýli 41 Samtals 473

Heildarfjöldi á öllum byggingarstigum á höfuðborgarsvæðinu er: **1.258**

#### Talning í janúar 2011

Fokhelt og lengra komið

Íbúðir í fjölbýli 837 Rað- og parhús 234 Einbýli 104 Samtals 1175

Sökkklar og að fokheldu

Íbúðir í fjölbýli 213 Rað- og parhús 17 Einbýli 14 Samtals 244

Heildarfjöldi íbúða: **1419**

# Gæðakerfi og vottanir

**S**I telja brýnt að sem flestir tileinki sér aðferða- og hugmyndafræði gæðastjórnunar. Árum saman hafa SI aðstoðað félagsmenn við að stíga fyrstu skrefin til að byggja upp gæðakerfi og stendur félagsmönnum til boða afnot af slíku kerfi og skráarvistun ásamt aðstoð við að laga kerfið að eigin rekstri.



## Vinnusmiðja

SI hafa tekið virkan þátt í vinnusmiðju um áhrif gæðastjórnunar á mannvirkjagerð þar sem verktakar, verkkaupar og aðrir áhrifavaldar og hagsmunaaðilar af öllum stærðum og gerðum, auk sérfræðinga á sviði mannvirkjagerðar og/eða gæðastjórnunar voru meðal þátttakenda.



Vinnusmiðjan var liður í doktorsverkefni Önnu Huldu Ólafsdóttur en eitt af markmiðum verkefnisins er að kanna fjárhagslegan ávinning af notkun gæða- og ferlastjórnunar hjá verktökum í mannvirkjagerð.



Niðurstaða verkefnisins getur orðið leiðarljós til að bæta og samræma vinnubrögð hagsmunaaðila og áhrifa-valda til að innleiða markvissa gæðastjórnun til að auka framleiðni í mannvirkjagerð.



## Fjöldmörg fyrirtæki hljóta vottun SI

Sífelld bætast fleiri fyrirtæki í hóp þeirra sem sjá sér hag í að sækjast eftir áfangavottun hjá SI.

G. Skúlason vélaverkstæði, Klafi ehf., Snókur verktakar og Vestfirskir verktakar stóðust úttekt á fyrsta þrepi áfangaskiptrar gæðavottunar Samtaka iðnaðarins og hafa öðlast D-vottun.

D-vottun er fyrsti hluti gæðavottunarkerfis SI sem tekið er upp í fjórum áföngum. Í því felst að rekstur fyrirtækis er gerður skilvirkari með því að

fyrirtækið skoðar og endurmetur eigin verkferla við stjórnun og rekstur. Við þetta eykst framleiðni og fyrirtækin skila meiri hagnaði.

Þá náði fyrirtækið Kjarnafæði þeim einstaka árangri að standast úttekt á öllum fjórum þrepum gæðavottunar SI og hljóta D, C, B og A - vottun. Þau fyrirtæki, sem ná A-vottun, eiga mjög skammt í að fullnægja hinum alþjóðlega gæðastaðli ISO-9000:2000.

## Áhugi á Grænlandi

Grænlandsku atvinnurekendasamtökin óskuðu eftir að fá kynningu á gæðakerfi SI. Ferdinand Hansen, gæðastjóri SI hélt til Grænlands og kynnti gæðakerfið og kosti þess. Með leyfi SI hafa Grænlandingar átt í viðræðum við þekkingu ehf. um að fá að nota hugmyndir SI til að smíða sambærilegt kerfi fyrir þá.

## Vefur SI um gæðamál

Enn hefur verið bætt við upplýsingar og leiðbeiningar á vef SI um gæðamál, [www.gsi.is](http://www.gsi.is). Þar er m.a. safn greina um gæðastjórnun og nú er búið að útbúa hljóðglærur til leiðbeiningar fyrir iðnmeistara og byggingarstjóra vegna nýrra laga um mannvirki.



**Matur er mannsins megin**


## Samtök mjólkur- og kjötvinnslufyrirtækja

Í janúar varð mikið fjaðrafok í fjölmíðlum vegna notkunar iðnaðarsalts í matvæli. Stjórn SMK fékk Jón Gíslason, forstjóra Mast og Óskar Ísfeld Sigurðsson, forstöðumann matvælaeftirlits hjá Reykjavíkurborg, á fund til að gera grein fyrir málinu. SMK skrifaði umsögn ásamt SI og Landssamtökum sláturleyfishafa um sýnatökuáætlun vegna örverugreininga sem Matvælastofnun gaf út. Samtökin áttu viðræður við stjórnvöld vegna uppgjors á virðisaukaskatti en krafan er að fá heimild til að gera virðisaukasatt upp vikulega. Félagið, ásamt SI og SAM, lét taka saman skýrslu um vernd vöruheita með uppruna- eða staðarvísun og þær reglur sem gilda um hana í nágrannalöndum okkar og á helstu markaðssvæðum. Skýrslan kom út í júní og var kynnt á opnum fundi í byrjun september. Stjórnin sendi frá sér ályktun í september þar sem fyrirhuguðum sykurskatti var mótmælt. Stjórnin lét gera kynningarbækling um greinina sem er aðgengilegur á vefsvæði Samtakanna.

## Landssamband bakameistara


Landssamband bakameistara stóð fyrir sölu á brjóstabollum á mæðradaginn til stuðnings félaginu Göngum saman. Alls söfnuðust ein og hálf milljón króna sem runnu til styrktar grunnrannsóknnum á brjóstakrabbameini.

LABAK og Hjartavernd gerðu með sér samkomulag um að hvetja til heilsusamlegri brauðneyslu þjóðarinnar. Félagsmenn LABAK hafa á boðstólum svokallað hjartabrauð sem er alfarið bakað úr heilmöluðu korni og inniheldur hátt hlutfall trefja en lágt hlutfall salts, sykurs og fitu. Hjartavernd fær í sinn hlut 60 kr. af hverju brauði sem verið verður til að kaupa nýtt segulómtæki. Kaka ársins var kynnt í febrúar og nýtur sífellt meiri vinsælda. LABAK mótmælti fyrirhuguðum sykurskatti í haust.



## Sykurskatturinn

Alþingi samþykkti breytingar á vörugjaldslögum í lok ársins. Lögin taka gildi 1. mars 2013. Breytingarnar miðast við að hækka vörugjald á sykur úr 60 kr/kg í 210 kr/kg og leggja vörugjald á mun fleiri vörur en hingað til hefur verið gert eða á allar vörur sem innihalda sykur, í réttu hlutfalli við sykurinnihaldið. Á sama hátt á að leggja gjald á vörur sem innihalda sætuefni. Yfirlýst markmið með þessum breytingum var að draga úr sykurneyslu og þar með offitu en í meðferð málsins á þingi kom skýrt í ljós að það er tómur fyrirséður og markmiðið fyrst og fremst að afla ríkissjóði tekna. Samtök iðnaðarins mótmæltu þeirri hækkun á vörugjöldum sem lögin fela í sér enda telja samtökin að skattlagning sykurs sé ekki vænleg leið til að breyta neysluvenjum þjóðarinnar. Í umsögn Samtakanna um frumvarpið kom meðal annars fram að íslensk fyrirtæki munu bera stærstan hluta vörugjaldanna. Samtökin bentu á að eins og frumvarpið var útfært auka breytingarnar flækjustig við innheimtu vörugjalda til muna gagnstætt því markmiði sem stjórnvöld höfðu sett sér sem var að einfalda kerf-



ið og gera það gagnsærra. Ljóst er að félagsmenn SI verða fyrir miklum kostnaðarauka vegna þessara breytinga og að þær munu hækka matvælaverð í landinu umtalsvert.

## Ecotrophelia – samkeppni um þróun vistvænna matvara

Á HönnunarMarsi fór fram keppnin EcoTrophelia Iceland sem er nemenda-keppni í þróun vistvænna matvæla og sú fyrsta sinnar tegundar á Íslandi. Fimm hópar tóku þátt í keppninni og voru afurðirnar til sýnis í Listaháskólanum. Rauði þráðurinn í öllum hugmyndunum var að nýta vannýtt hráefni og aukaafurðir matvælavinnslu til að búa til markaðshæf matvæli. Elín Agla Briem og Sigríður Anna Ásgeirsdóttir, nemendur í umhverfis- og auðlindafræði við Háskóla Íslands, eru höfundar sigurvörunnar. Vöruna nefna þær Íslandus en um er að ræða 100% náttúrulegan og lífrænan mysuklaka, bragðbættan með berjasafa og íslenskum jurtum. Mysuklakinn Íslandus var framlag Íslands í Evrópukeppninni EcoTrophelia 2012 í París í október. En þar kepptu sigurlið úr sambærilegum landskeppnum frá fimmtán löndum.



# Öflugt starfsár

Gestur G. Gestsson, Advania, var kjörinn formaður á aðalfundi SUT 9. nóvember. Hilmar Veigar Pétursson, CCP, gaf ekki kost á sér til endurkjörs. Nýir meðstjórnendur til tveggja ára eru Daði Friðriksson, Tölvumiðlun, Haukur Þ. Hannesson, AGR og Björn Ingvarsson CCP. Þrír meðstjórnendur sitja áfram, Hrannar Erlingsson Maritech, Magnús Norðdahl LS Retail og Ágúst Einarsson, Nýherja

Við lok starfsárs 2011-2012 eru innan SUT 49 fyrirtæki, bæði stór og smá, sem starfa á fjölbreyttum vettvangi upplýsingartækniiðnaðar. Á árinu tók stjórn SUT í notkun nýtt kennimerki.

Á starfsárinu var lögð áhersla á sex forgangsverkefni:

- Auka aðgang að hæfu starfsfólki fyrir fyrirtækin
- Stuðla að bættu samkeppnisumhverfi
- Styrkja ímynd SUT og efla kynningarmál
- Stuðla að betra aðgengi að erlendum mörkuðum
- Stuðla að aukinni fjárfestingu
- Styrkja samstarf SUT fyrirtækja og helstu samstarfsaðila þeirra

## Helstu verkefni

SUT vinnur að fjölmörgum verkefnum sem miða að því að auka aðgang fyrirtækjanna að hæfu starfsfólki.

### Grunnmenntun eflid í raunvísindum og tækni

Þróun nýrrar námsbrautar í upplýsingatækni í samstarfi við Fjölbrotarskólann í Breiðholti og Verzlunarskóla Íslands er eitt þeirra. Vonir standa til að hægt verði að hefja kennslu haustið 2013. Vinnuhópur á vegum SI, Sambands íslenskra sveitarfélaga og Menntamálaráðuneytisins auk fulltrúa frá Menntavísindasviði og Námsmatsstofnun hafa unnið að gerð aðgerðaáætlunar frá því sl. vor. Áætlunin, sem ber heitið Grunnmenntun eflid í raunvísindum og tækni kom út fyrir áramót en aðgerðunum er ætlað að styðja markvissari vinnu í grunnskólum landsins við að auka áhuga og efla kennslu á þessum sviðum þar. Þá stóð SUT fyrir morgunverðarfundum í maí en þar var fjallað um leiðir til að laða hæfileikaríkt og áhugasamt fólk að tækni- og hugverkageiranum.

### Bætt samkeppnisumhverfi

Það er mikið baráttumál SUT að stuðlað verði að bættu samkeppnisumhverfi. SUT á fulltrúa í stjórn Icepro sem er samtarfsvettvangur um rafræn viðskipti og framkvæmdaráði FUT sem er fagstaðlaráð í upplýsingatækni innan Staðlaráðs Íslands. Í nóvember áttu fulltrúar SUT fund með þáverandi efnahags- og viðskiptaráðherra þar sem ræddar voru áherslur SUT á að kerfisbundið verði unnið að því að hið opinbera leiti

í auknum mæli til einkageirans með úrlausn verkefna á sviði upplýsingatækni í stað innvistunar.

### Verkefnið TækniFæri

Eitt af markmiðum SUT er að styrkja ímynd upplýsingatæknigeirans og fyrirtækja innan hans með öflugum kynningarstarfi. Verkefnið TækniFæri gengur út á að bjóða nemendum í 7. bekk valinna skóla gestakennara í tvöfaldan enskutíma þar sem samþætt er forritunar og enskukennsla. Sex skólar tóku boðinu. Í kjölfarið var gerð könnun meðal nemenda og þeirra starfsmanna skólans sem komu að verkefninu.

### UTmessan

SUT tekur þátt í Utmessunni en tilgangur hennar er að vekja athygli á mikilvægi upplýsingatækninnar og áhrifum hennar á fólk, fyrirtæki og íslenskt samfélag.

### Boxið

Þá hafa SUT fyrirtæki tekið þátt í BOXINU, framkvæmdakeppni framhaldskólanna, en markmiðið er að kynna og vekja áhuga á tækni, tækninámi og störfum í iðnaði.

### Betra aðgengi að erlendum mörkuðum

Betra aðgengi að erlendum mörkuðum er nauðsynlegt fyrir vöxt og viðgang fyrirtækjanna. SUT hefur verið í samstarfi við Íslandsstofu um að kortleggja hvaða þættir gætu gagnast UT fyrirtækjum að komast inn á erlenda markaði.

### Auka fjárfestingu

Til að stuðla að aukinni fjárfestingu er nauðsynlegt að hafa yfirsýn yfir þá fjölbreytni sem er meðal fyrirtækja innan SUT. Ráðist var í að leita til þeirra eftir upplýsingum sem gefa skýrari mynd af stöðu, stærð og verkefnum fyrirtækjanna og sendur spurningarlisti á þau 48 fyrirtæki sem skráð voru í SUT. Svörun var um 80% eða frá 38 fyrirtækjum.

### Bætt hagtölugerð

SUT fyrirtæki þurfa að standa saman að eflingu greinarinnar og til þess þarf að styrkja samstarf SUT fyrirtækja og helstu samstarfsaðila þeirra. Eitt af þeim markmiðum, sem barist hefur verið fyrir, er bætt hagtölugerð. Miklar vonir eru nú bundnar við þróun nýs „Business registry“ hér á landi að evrópski fyrirmynd. Meðan beðið verður eftir betri tölfræði er mikilvægt að vinna úr þeim tölum sem til eru á þann hátt að þær verði auðveldlega samanburðarhæfar á milli ára og gefi þannig vísbendingar um þróun. Því var ákveðið að óska eftir veltutölum og tölum um starfsmannafjölda út frá þeim ISAT númerum sem fyrirtækin innan SUT eru skráð undir.

### Nýr samstarfssamningur

Nýr samstarfssamningur um Hátækni- og sprotavettvangs var undirritaður á árinu og þar eiga SUT áfram fulltrúa.

**K**jörin var ný stjórn á aðalfundi Samtaka sprotafyrirtækja 14. desember síðastliðinn. Sigmar Guðbjörnsson, Stjórnun Odda, var kjörinn formaður. Ennfremur voru kosin Rakel Sölvadóttir, Skema, Jónas B. Antonsson, Gogogic, Eðvarð Jón Bjarnason, Menica, Andri Ottesen, CRI, Þorkell Jónsson, Samey og Perla Björk Egilsdóttir, SagaMedica.

## Helstu verkefni

Árið 2012 hefur verið lögð áhersla á að fylgja eftir forgangsverkefnum úr stefnumótun tækni- og hugverkagreina sem fram fór í maí 2011.

*Samstarfsvettvangur tækni- og hugverkagreina, samstarf við stjórnvöld og þingflokka – eitt atvinnuvegaráðuneyti*

Gerður var nýr þriggja ára samningur við stjórnvöld um framhald Hátækni- og sprotavettvangs fyrir tímabilið 2012-2014. Forsætis- og velferðaráðuneyti hafa bæst í hópinn. Auk þeirra urðu SHI, IGI og CTI formlegir aðilar að vettvanginum. Fulltrúar SSP tóku fullan þátt í stefnumótunarvinnu á vegum nýs atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis. Drög að stefnumótun liggja fyrir en framundan er frekari kynning og útfærsla aðgerða.

*Bætt hagtolugerð tækni- og hugverkagreina*

SI og HSV hafa gert tillögur að umbótum í hagtolugerð. Fundað var í tvígang á árinu með fjármálaráðherra og Hagstofunni.

*Tækniþróunarsjóður eflur í fjóra milljarða – styrkir til markaðsstarfs erlendis – efling Brúarstyrkja.*

Loks eru horfur á að Tækniþróunarsjóður verði eflur við afgreiðslu fjárlaga 2013. Verkefnið hefur lengi verið ofarlega á forgangslista SSP og annarra samtaka í tækni- og hugverkagreinum.

*Menntastefna til stuðnings atvinnustefnu – markvissara iðn- og tækninám*

Unnið hefur verið að verkefninu með ýmsum hætti. Ungu fólk hefur verið boðið menntunarræði í samstarfi við Atvinnutryggingasjóð. Einnig hefur verið unnið að því að bæta kennsluhætti í grunnskólum varðandi notkun tölva og spjaldtölva, auk þess að kenna yngri börnum forritun.

*Inspired by Icelandic Innovation*

Myndaður hefur verið samstarfshópur hjá Samtökum iðnaðarins, Íslandsstofu og fleiri aðilum um að byggja upp markaðsverkefni sem leggur áherslu á að vekja athygli á Íslandi sem stað til nýsköpunar og þeim árangri sem íslensk nýsköpunarfyrirtæki hafa náð á alþjóðlegum markaði.

*Laða hæfileikaríkt fólk til starfa á Íslandi – t.d. hvatar í skattkerfinu*

SI hafa verið í sambandi við nefnd um endurskoðun

útlendingalöggjafar. Haft hefur verið samband við fyrirtæki til að meta þörf og stöðu hvað þetta varðar.

*Skattalegir hvatar til hlutabréfakaupa í nýsköpunarfyrirtækjum eða sjóðum*

Samtök iðnaðarins og Hátækni- og sprotavettvangur hafa lagt fram tillögu að nýju frumvarp um skattalega hvata til hlutabréfakaupa í nýsköpunarfyrirtækjum. Unnið hefur verið að málinu af krafti á Hátækni- og sprotavettvangi og tvívegis fundað með fjármálaráðherra.

*Betri þjónusta fyrir minna fé*

Þrátt fyrir eftirfylgni SI og HSV hefur ríkisstjórnin ekki staðið við fyrirætlanir um að tryggja áframhaldandi framlög til þessa verkefnis á fjárlögum 2013.

*Höfuðstöðvar útflutningsfyrirtækja á Íslandi – draga úr áhrifum gjaldeyrishafta á útflutning frá Íslandi*

Þrátt fyrir viðleitni SI og VÍ hefur lítið miðað í því efni hjá Seðlabankanum og nýjustu viðbrögð eru hert gjaldeyrishöft.

*Endurgreiðsla rannsókna- og þróunarkostnaðar*

Eitt helsta baráttumál SSP – lög um endurgreiðslu hluta rannsókna- og þróunarkostnaðar komu í fyrsta sinn til framkvæmdar á sl. ári. Alls voru fyrirtækjum endurgreiddar um 450 milljónir króna seint á árinu 2011 og horfur eru á að endurgreiðslan fyrir 2012 verði um einn milljarður króna. Þetta er eitt markverðasta framlagið til bættra starfsskilyrða hátækni- og sprotafyrirtækja sem fram hefur komið í seinni tíð.

## Vaxtarsprotinn veittur í sjötta sinn

Fyrirtækið Valka ehf. hlaut Vaxtarsprotann 2012 sem er viðurkenning fyrir öflugan uppbyggingu sprotafyrirtækis. Fyrirtækið meira en þrefaldaði veltu sína milli árunna 2010 og 2011. Fyrirtækin Kvikna, ORF Líftækni og Thorice fengu einnig viðurkenningu fyrir góðan vöxt. Vaxtarsprotinn er viðurkenning sem veitt er á vegum Samtaka iðnaðarins, Rannsóknamiðstöðvar Íslands og Háskólans í Reykjavík. Tilgangurinn er að vekja athygli á góðum árangri sprotafyrirtækja í örum vexti og skapa aukinn áhuga og skilning á uppbyggingarstarfi slíkra fyrirtækja.

## Önnur mál

Ýmis önnur mál hafa verið til umræðu, s.s. uppbyggingarferli nýsköpunarfyrirtækja í tengslum við European SME-week, skattalegir hvatar fyrir fjárfestingu í nýsköpunarfyrirtækjum, Eurostars, European Innovation Scorebord auk þess sem fulltrúar SSP hafa tekið þátt í nýju stefnumótunarstarfi í atvinnumálum á vegum atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis.



## Samtök íslenskra gagnavera stofnuð

Samtök íslenskra gagnavera - DCI - voru formlega stofnuð innan Samtaka iðnaðarins 2. mars 2012. Mikil vaxtartækifæri felast innan greinarinnar verði henni tryggð samkeppnishæf starfsskilyrði. Markmið samtakanna er að standa vörð um hagsmuni gagnavera á Íslandi og vinna að því að gagnaveraiðnaður fái tækifæri til að vaxa og dafna hérlendis.

Stjórnina skipa, Kolbeinn Einarsson hjá Advania, stjórnarformaður og meðstjórnendur eru Isaac Kato hjá Vern Holdings ehf. og Ágúst Einarsson hjá Nýherja.



## Samtök heilbrigðisiðnaðarins

Jón Valgeirsson, framkvæmdastjóri þróunareiningar Actavis á Íslandi, var kosinn nýr formaður Samtaka heilbrigðisiðnaðarins - SHI á aðalfundi 14. júní. Stjórnin var öll endurkjörin en í henni eiga nú sæti, auk formanns, Perla Björk Egilsdóttir, SagaMedica ehf., Sveinbjörn Höskuldsson, Nox Medical ehf., Árni Þór Árnason, Oxymap ehf. og Garðar Þorvarðsson, Kvikna ehf. Í varastjórn eru Börkur Arnviðarson, ARCTIC Sequentia ehf. og Magnús Oddsson hjá Össuri hf. en Hákon Sigurhansson hjá EMR ehf. starfar einnig með stjórninni

Á fundinum var kynnt og samþykkt nýtt merki samtakanna.

### Helstu verkefni

Helstu verkefni, sem SHI átti aðild að á síðasta starfsári, tengjast því stefnumótunarstarfi sem fram fór m.a. í samstarfi við Hátækni- og sprotavettvang, SSP og önnur samtök á tækni- og hugverkasviðum.

### Frumvarp til laga um vísindarannsóknir á heilbrigðissviði

Samtökum íslenskra líftæknifyrirtækja og Samtökum heilbrigðisiðnaðarins bárust til umsagnar drög að frumvörpum um vísindarannsóknir á heilbrigðissviði. Stofnaður var hópur fyrirtækja í samráði við stjórnir SHI og SÍL um gerð þeirrar umsagnar en hópurinn telur almennt að lagasetningin sé til bóta og jákvætt sé að gerð séu skýrari ákvæði um réttindi þátttakenda í rannsóknum á heilbrigðissviði. Hópurinn benti þó á nokkur atriði sem þarfnast frekari skoðunar.

### Önnur mál

Stjórn SHI hefur lagt áherslu á innra starf, gagnkvæma kynningu og fræðslu fyrir félagsmenn. Í þeim tilgangi var opnaður umræðuhópur á samskiptavefnum LinkedIn þar sem félagsmenn geta leitað með fyrirspurnir og deilt þekkingu sinni. Jafnframt var farið af stað með fræðslufundi um afmörkuð málefni. Fyrsti fræðslufundurinn var haldinn sl. vor um markaðskröfur vegna gæðamerkinga og öryggi hugbúnaðar tengdum lækningaferlum.





# Fjármögnun fyrirtækja og markaðssetning efst á baugi

**C**leanTech Iceland, Samtök fyrirtækja í grænni tækni, kusu nýja stjórn á aðalfundi félagsins sem haldinn var í nóvember. Formaður var kosinn KC Tran, Carbon Recycling International og situr hann áfram frá fyrra ári. Aðrir stjórnarmenn eru Eiríkur Sveinn Hrafnsson, Greencloud, Guðný Reimarsdóttir, EcoNord, Jón Ágúst Þorsteinsson, Marorku og Hilmir Ingi Jónsson, ReMake Electric. Úr stjórn gengu Ásbjörn Torfason og Ingvar Kristinsson og þeim voru þökkuð vel unnin störf. Á félagaskrá CTI eru 15 fyrirtæki sem eiga sameiginlegt að vinna að þróun umhverfisvænna tæknilausna.

Á síðasta starfsári CTI var lögð áhersla á nokkur verkefni:

- fjármögnun fyrirtækja
- markaðssetningu
- erlent samstarf ásamt innri uppbyggingu félagsins.

Til að aðstoða fyrirtæki við fjármögnun hafa samtökin unnið að kynningu á greininni gagnvart sjóðum og fjárfestum, t.d. bönkum, Nýsköpunarsjóði atvinnulífsins, Klaki, Innovit og fleiri. Almennar upplýsingar um iðnaðinn

hérlandis skortir og því var ráðist í sérstakt verkefni sem lýtur að því að kortleggja viðskiptatækifæri í grænni tækni hér á landi og þau fyrirtæki sem starfa innan geirans.

Félagsmenn ræddu erfiða stöðu við fjármögnun fyrirtækja hérlandis á morgunverðarfundi CTI. Einnig var haft samband við Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins og félagið mun vinna með sjóðnum á sviði grænnar tækni.

Fulltrúar CTI sóttu fund í Kaupmannahöfn á vegum Nordic Innovation Center varðandi the Nordic Lighthouse Project. Tilgangur fundarins var að móta stefnu um markaðssetningu grænnar tækni á Norðurlöndum.

Á liðnu ári hefur félagið komið víða komið við í innlendu og erlendu samstarfi sem varðar græna tækni og má þar nefna Grænu orkuna – Vistorku í samgöngum og Íslenska jarðvarmaklasann. Félagið vinnur þannig að því að bæta skilyrði fyrir starfsemi fyrirtækja í greininni. Einnig hefur félagið tekið þátt í norrænu samstarfi, m.a. um greiningu á tækifærum og markaðssetningu á grænni tækni.

Þá varð CTI fullgildur aðili að Hátækni- og sprotavettvangi á árinu og á þar fulltrúa í stjórn.





Icelandic  
Game  
Industry

# Verðug verkefni

**Á**aðalfundi IGI – samtaka leikjaframleiðenda í september var Jónas Björgvin Antonsson, Gogogic, kosinn nýr formaður. Meðstjórnendur eru Ólafur Andri Ragnarsson, Betware, Anna Katrín Ólafsdóttir CCP, Hilmar Ö. Egilsson, Fancy Pant Global og Þorsteinn Baldur Friðriksson, Plain Vanilla. Varamenn eru Stefanía Halldórsdóttir, CCP og Jóhannes Sigurðsson, Gogogic. Níu leikjafyrirtæki eiga aðild að IGI. Hlutverk samtakanna er að stuðla að auknu samstarfi fyrirtækja, menntastofnana og stjórnvalda um þekkingaruppbyggingu og tækni sem einkennir greinina.

## Öflug starfsemi

Starfsemi IGI var blómleg á árinu. Fundir stjórnar voru haldnir mánaðlega og fundargerðir sendar á forráðamenn aðildarfyrirtækja. Þá stóðu samtökin fyrir reglubundnum uppákomum þar sem fjölbreytt málefni eru tekin til umfjöllunar. IGI hefur átt fulltrúa í fagráði lista og skapandi greina hjá Íslandsstofu og fagráði hugverkaiðnaðarins. Fagráðin eru stjórn Íslandsstofu til stuðnings við stefnumótun í þeim málaflokkum. Þá varð IGI fullgildur aðili að Hátækni- og sprota-vettvangi á árinu og á fulltrúa í stjórn.

Hefðbundið starf vegna Nordic Game fór fram á starfsárinu og IGI var með bús á Nordic Game ráðstefnunni sem fram fór í Malmö í maí. Fyrirtækin CCP, Fancy Pants Global, Clara og Locatify áttu fulltrúa á ráðstefnunni. IGI awards, tölvuleikjagerðarkeppninni var haldinn. Þátttakendur voru mjög áhugasamir og mikil þátttaka var í fjórum vinnustofum sem þar störfuðu. Í tengslum við EVE fanfest hjá CCP var ráðstefnan The future is bright haldin í annað sinn.

## Norrænt samstarf

Í október voru stofnuð ný samtök norrænna leikjaframleiðenda – Nordic Game Institute. Fulltrúar samtaka leikjaframleiðenda í Danmörku, Noregi, Svíþjóð, Finnlandi og Íslandi undirrituðu stofnsamninginn í ráðhúsi Reykjavíkur. Markmiðið með norrænum samtökum er að gæta hagsmuna norrænna leikjaframleiðenda, skapa öflugan samstarfsvettvang og stuðla að uppbyggingu þessa ört vaxandi iðnaðar.

Verðug verkefni bíða samtakanna við að efla leikjaiðnaðinn enn frekar og vinna að vexti og framgangi leikjafyrirtækja hér á landi.





# Ráðgjöf og aðstoð í lögfræðilegum málefnum

**S**amtök iðnaðarins veita félagsmönnum ráðgjöf og aðstoð í lögfræðilegum efnum. Í því felst að fyrirtæki getur leitað til lögfræðings SI um leið og slíkt vandamál kemur upp. Þar er það greint og leyst ef unnt er en að öðrum kosti gefin góð ráð um næstu skref, t.d. kærur fyrir stjórnáskilnefndum eða málsókn fyrir dómstólum.

Þegar tilefni er til að höfða dómsmál gegn lögaðilum, annaðhvort opinberum aðilum eða einkaaðilum, og málsefnið hefur sérstaka almenna þýðingu fyrir viðkomandi iðngrein eða á viðkomandi markaði, tekur stjórn SI ákvörðun um aðild SI að málarekstrinum eða fjárstuðning við þann sem á í málarekstrinum.

## Rammasamningsútboð Ríkiskaupa um þjónustu verktaka í iðnaði utan suðvesturhornins fellt úr gildi

Sumarið 2011 héldu Ríkiskaup rammasamningsútboð vegna viðhalds á fasteignum í eigu ríkissjóðs á öllu landinu. Í kjölfarið var gengið til samninga við fjölda iðnaðarmanna víðs vegar á landinu á grundvelli niðurstöðu rammasamningsútboðsins.

Um haustið ákváðu Ríkiskaup að bjóða þetta aftur út en þó einungis utan suðvesturhornins þar sem ekki bærust nægilega mörg tilboð frá iðnaðarmönnum úti á landi. Félagsmenn SI mótmæltu þessu og þá sérstaklega þeir iðnaðarmenn á landsbyggðinni sem voru komnir með bindandi samning við Ríkiskaup eftir niðurstöður fyrra útboðsins.

SI kærðu, fyrir hönd félagsmanns, rammasamningsútboðið til Kærufndar útboðsmála. Í mars 2012 felldi kærufndin rammasamningsútboðið úr gildi og var Ríkiskaupum gert að kaupa inn á grundvelli gildandi rammasamnings.

## Hæstiréttur dæmir Íbúðalánasjóð til að greiða félagsmanni SI skaðabætur

Samtök iðnaðarins studdu Norðurvík ehf. við rekstur dómsmáls gegn Íbúðalánasjóði vegna ólögmætrar kröfu sjóðsins um bankaábyrgð samhliða lánveitingu úr sjóðnum.

Málavextir voru þeir að Norðurvík hafði í október árið 2008 sótt um lán hjá Íbúðalánasjóði til að fjármagna byggingu raðhúsalengju. Umsóknirnar voru fjórar og bærust íbúðalánasjóði 9. október. Íbúðalánasjóður fór fram á að fyrirtækið legði fram bankaábyrgð til tryggingar á greiðslu lánanna. Af þeim sökum reiddi Norðurvík ehf. fram fjórar ábyrgðaryfirlýsingar frá Glitni banka hf. og greiddi bankanum fyrir það rúmlega 600.000 kr.

Í apríl 2010 óskuðu SI eftir því fyrir hönd Norðurvíkur að Íbúðalánasjóður upplýsti á hvaða lagagrundvelli farið hefði verið fram á umrædda bankaábyrgð. Þessu erindi var svarað á þann veg að stjórn Íbúðalánasjóðs hefði ákveðið 21. febrúar 2008 að taka að nýju upp skilyrði um bankaábyrgð byggingaraðila sem felld hafði verið úr gildi árið 2006. Óumdeilt er að upp frá því var hætt að gera það að skilyrði fyrir að veita byggingaraðila lán að hann legði fram ábyrgðaryfirlýsingu frá viðurkenndri fjármálastofnun.

Íbúðalánasjóður vísaði til lagaheimildar 18. gr. laga nr. 44/1998 um húnæðismál, þar sem stjórninni er falið að setja reglur um veðhæfni og greiðslugetu skuldara, auk þess sem skírskotað var til þess að stefndi væri sjálfstæð ríkisstofnun.

Hæstiréttur féllst ekki á túlkun Íbúðalánasjóðs og taldi að valdmörk stjórnar Íbúðalánasjóðs einskorðuðust við að setja viðmiðunarreglur um veðhæfi fasteigna og greiðslugetu skuldara. Þau næðu ekki til að gera almenna kröfu til lántaka um að hann legði fram ábyrgðaryfirlýsingu frá fjármálastofnun er kæmi í stað mats á greiðslugetu hans. Samþykki stjórnar skorti því stoð í fyrrnefndri 18. gr. laga um húnæðismál. Var því Íbúðalánasjóður dæmdur til að greiða Norðurvík skaðabætur.

## Lýsingu stefnt vegna fjármögnunarleigusamninga

SI hafa ákveðið að reka prófmál fyrir hönd sinna félagsmanna gegn fjármálafyrirtækjum þar sem leitast verður við að sanna að samkomulag hafi legið fyrir milli aðila um kaup á tækjum í lok samningstíma. Hafa Samtök iðnaðarins ráðið Þorstein Einarsson hrl. til að reka þessi mál og voru þingfestar í október í Héraðsdómi Reykjavíkur stefnur í tveimur málum gegn Lýsingu. Stefnt er fyrir hönd tveggja stórfyrirtækja og gerðar kröfur um að viðurkennt verði að samningar fyrirtækjanna við Lýsingu séu að efni til lánsamningar og að ákvæði samninganna um „leigugrunn“ að tiltekinni fjárhæð tengdri gengi tiltekinna erlendra gjaldmiðla sé ólögmætt og óskuldbindandi fyrir fyrirtækin.

Samtök iðnaðarins vilja með þessu eyða réttaróvissu og forðast þá stöðu að hundruð viðskiptavina Lýsingar þurfi að höfða dómsmál til að fá samninga sína leiðrétt.



## Breytingar á ýmsum gjöldum og sköttum

**S**amtök iðnaðarins hafa tekið saman meðfylgjandi yfirlit yfir helstu breytingar á sköttum og gjöldum sem tóku gildi nú um áramótin og hafa áhrif á félagsmenn. Ekki er um endanlega upptalningu að ræða og er þeim, sem vilja kynna sér málið frekar, bent á vefi Alþingis og Ríkisskattstjóra.

- Tryggingagjald lækkar úr 7,79% í 7,69%
- Persónuafsláttur verður kr. 48.485 á mánuði. Skattleysismörk eru því kr. 129.917.

Tekjuskattur einstaklinga verður sem hér segir:

1. Þrep: laun kr. 0-241.475 staðgreiðsluprósentu 37,32%
2. Þrep: laun kr. 241.476 – 739.509 staðgreiðsluprósentu 40,22%
3. Þrep: laun yfir kr. 739.509 staðgreiðsluprósentu 46,22%

### Úttekt séreignarsparnaðar

Framlengd er heimild einstaklinga til að taka út séreignarsparnað á tímabilinu 01.01.2012 til 31.12.2103. Heimilt er að taka út allt að kr. 6.250.000 á 15 mánaða tímabili.

- Útvarpsgjald hækkar úr 18.800 í 19.700
- Endurgreiðsla vsk. af vinnu á byggingastað
- Framlengd er heimild til að endurgreiða allan virðisaukaskatt af vinnu manna á byggingarstað til 31.12.2013

### Ýmiss gjöld hækka um 4,6% en þó ekki olíugjald, þungaskattur og bifreiðagjöld.

Lög um breytingu á lögum um vörugjald, nr. 97/1987, og tollalögum, nr. 88/2005, með síðari breytingum voru samþykkt á síðasta degi þingsins fyrir júl. Lögini taka gildi 1. mars 2013 og fela í sér að vörugjald er lagt á allar vörur, sem innihalda sykur eða sætuefni, í hlutfalli við sykur- eða sætuefnainnihaldið. Innheimta á vörugjaldi flyst frá Ríkisskattstjóra til Tollstjóraembættisins.

Lög nr. 160/2012 um breytingu á lögum um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum og tollalögum (úthlutun tollkvóta og fódursjóður) tóku gildi 3. Janúar. Allar nánari upplýsingar á [www.tollur.is](http://www.tollur.is).

## Samantekt yfir nýsamþykkt lög og breytingar á lögum

Samtök iðnaðarins hafa tekið saman yfirlit yfir nýsamþykkt lög og breytingar á lögum sem Samtökin hafa látið sig varða. Lögini voru samþykkt á Alþingi skömmu fyrir júl.

### 1. Lög um opinberan stuðning við vísindarannsóknir

Markmiðið með lögnum er að efla vísindarannsóknir og vísindamenntun hér á landi og veita markáætlun á sviði vísinda og tækni lagastoð. Meðal helstu breytinga og nýjunga er að Rannsóknasjóður og Rannsóknarnámssjóður eru sameinaðir. Heiti Tækjasjóðs er breytt í Innviðasjóð hlutverk hans útvíkkað og fagráði Innviðasjóðs komið á fót. Formaður vísindanefndar Vísinda- og tækniráðs verði ekki líka formaður stjórn Rannsóknasjóðs

### 2. Lög um breytingu á lögum nr. 70/2012, um loftlagsmál

Með lögnum er sett lagastoð fyrir innleiðingu á hluta ákvæða reglugerðar ESB um viðskiptakerfi með losunarheimildir gróðurhúsalofttegunda. Útfærð er lagastoð fyrir innleiðingu reglna EES-samningsins um uppboð losunarheimilda frá og með árinu 2012 og ákvæði sem geta falið í sér íþyngjandi ákvarðanir varðandi reikninga í skráningarkerfi losunarheimilda. Auk þess eru gerðar minni háttar breytingar.

# Ráðgjafaráð SI

Ráðgjafaráð er stjórn Samtaka iðnaðarins til ráðuneytis við mikilvægar ákvarðanir og stefnumótun. Í ráðgjafaráði sitja þeir sem voru næstir því að ná kjöri í stjórn Samtakanna, fulltrúar tilnefndir af starfsgreinahópum og fulltrúar Samtakanna í stjórn SA.

## Fulltrúar kosnir á Iðnþingi 2012:

Halldór Einarsson, Henson ehf.  
Hilmar V. Pétursson, CCP hf.

## Endurvinnsluiðnaður:

Haraldur Þ. Ólason, Fura ehf.  
Sveinn Hannesson, Gámaþjónustan hf.

## Gúmmí-, plast, fata- og leðuriðnaður:

Guðmundur Gunnarsson, Hampiðjan hf.

## Heilbrigðisiðnaður og líftækni:

Einar Mäntylä, ORF líftækni ehf.  
Jón Valgeirsson, Actavis hf.  
Sigríður Valgeirsdóttir, Roche NimbelGen Iceland LLC  
Perla Björk Egilsdóttir, SagaMedica-Heilsujurtir ehf.

## Húsgagna- og húshlutaíðnaður:

Bergsteinn Einarsson, Set hf.  
Eyjólfur Eyjólfsson, Axis húsgögn ehf.  
Guðmundur Ásgeirsson, Á. Guðmundsson ehf.

## Mannvirkjagerð:

Andrés Sigurðsson, Loftorka Reykjavík ehf.  
Ármann Sigurðsson, Sveinbjörn Sigurðsson ehf.  
Gunnar Sverrisson, Íslenskir aðalverktakar hf.  
Gylfi Gíslason, Jáverk ehf.  
Haraldur Sumarliðason, byggingameistari  
Kolbeinn Kolbeinsson, Ístak hf.  
Magnús Stefánsson, Meistarafélag húsasmiða  
Skarphéðinn Ómarsson, Háfell ehf.  
Stefán Jónsson, Meistaraf. bygg.manna á N-landi.  
Þorkell Gunnarsson, Félag skrudgarðyrkjumeistarar  
Þorsteinn V. Sigurðsson, Málarameistarafélag Reykjavíkur

## Matvæla-, fódur- og drykkjarvöruíðnaður:

Einar Sigurðsson, Mjólkursamsalan  
Katrín Pétursdóttir, Lýsi hf.  
Sigurður Jóhannesson, SAH Afurðir ehf.  
Sveinn Margeirsson, Mátis ohf.

## Málmiðnaður:

Bjarni Thoroddsen, Stálsmiðjan ehf.  
Brynjar Haraldsson, Frostverk ehf.  
Þorsteinn Ögmundsson, Ísloft blikk- og stálsmiðja ehf.  
Þröstur Hafsteinsson, Þ.H. blikk hf.

## Prent- og pappírsiðnaður:

Baldur Þorgeirsson, Kvos  
Guðbrandur Magnússon, Morgunblaðið Árvakur hf.  
Sölvi Sveinbjörnsson, Umslag ehf.  
Sverrir Brynjólfsson, Svansprent ehf.  
Þórleifur V. Friðriksson, Hjá Guðjón Ó ehf.

## Stóriðja:

Ragnar Guðmundsson, Norðurál ehf.  
Rannveig Rist, Alcan á Íslandi hf.

## Sprotafyrirtæki:

Jón Ágúst Þorsteinsson, Marorka ehf.  
Sigmar Guðbjörnsson, Stjörnu-Oddi

## Upplýsingatækniíðnaður:

Hermann Kristjánsson, Vaki - DNG hf.  
Jón Ingi Björnsson, Trackwell Software hf.  
Sigurður Eggert Gunnarsson, Gogogic ehf.

## Þjónustuiðnaður:

Lárus Karl Ingason, Ljósmynd ehf.

# Nýir félagsmenn

Í upphafi árs voru félagsmenn SI 1.238 en 1.223 í árslok 2012. Stjórn Samtaka iðnaðarins veitti 15 fyrirtækjum beina aðild á liðnu ári og eru þau þessi:

Altegro Studios ehf.  
ArcTract ehf.  
Atlantic Green Energy ehf.  
Bísel ehf.  
B.M Vallá ehf.  
Íslenskur textíliðnaður hf.  
Lumenox ehf.  
Mystack ehf.  
Nýherji hf.  
Risk ehf.  
Sigurplast ehf.  
Skóstofan ehf.  
Tæki.is ehf.  
Urta Islandica  
Verne Holdings ehf.

#### *Málameistarafélagið*

Alexander Arnarson  
Litalausnir málningarþjónusta ehf.  
SÞ málun ehf.

#### *Ljósmyndarafélag Íslands*

Helga Dögg Reynisdóttir  
Stúdíó Stund ehf.

#### *Meistarafélag byggingamanna á Norðurlandi*

ÁK smíði ehf.  
BB byggingar ehf.  
Ómar Helgi Svavarsson

#### *Meistarafélag iðnaðarmanna í Hafnarfirði*

Gunnar Kristjánsson  
Halli Gísla ehf.  
Heild ehf.  
Jónas Kristófersson  
Spænir ehf.  
Stjörnumálun ehf.

#### *Félag skrúðgarðyrkjumeistara*

Blóm og garðar ehf.  
Garðvík ehf.

#### *Meistarafélag Suðurlands*

Eðalbyggingar ehf.

#### *Félag íslenskra gullsmiða*

Gullsmiðir Bjarni/Þórarinn ehf.  
Jens ehf.

#### *Málmur*

Stálsmiðjan Málmey ehf.

#### *Félag vinnuvélæigenda*

Óskaverk ehf.

#### *Meistarafélag í hárgreiðslu*

Pílus ehf.  
Skala ehf.

#### *Félag hársnyrtumeistara*

Rakara- og hárstofan

#### *Félag íslenskra snyrtifræðinga*

Riverside Spa / BJ Snyrting ehf.  
Rósa Sævarsdóttir  
Snyrtistofan Alda

#### *Landssamband bakameistara*

Skagabrauð ehf.  
Topp tertur og brauð ehf.

#### *Tannsmiðafélag Íslands*

Tannverk Hauks ehf.

*Félagatal Samtaka iðnaðarins er að finna í heild sinni á [www.si.is](http://www.si.is)*

## Starfsmenn Samtaka iðnaðarins í árslok



**Orri  
Hauksson**  
Framkvæmdastjóri



**Jón Bjarni  
Gunnarsson**  
Aðstoðarfram-  
kvæmdastjóri



**Árni  
Jóhannsson**  
Forstöðumaður  
mannvirkjasviðs



**Ásbjörn  
Jóhannesson**  
Forstöðumaður  
rafiðnaðarsviðs



**Bjarni Már  
Gylfason**  
Hagfræðingur



**Bryndís  
Skúladóttir**  
Forstöðumaður  
umhverfismála



**Dagmar E.  
Sigurðardóttir**  
Viðurkenndur bókari



**Davíð Lúðvíksson**  
Forstöðumaður  
stefnumótunar og  
nýsköpunar



**Ferdinand  
Hansen**  
Verkefnastjóri  
gæðamála



**Friðrik Á.  
Ólafsson**  
Forstöðumaður  
byggingasviðs



**Ingólfur  
Sverrisson**  
Forstöðumaður  
málm- og  
véltækisviðs



**Katrín Dóra  
Þorsteinsdóttir**  
Forstöðumaður  
hugverkeiðnaðar  
og mannaúðs



**María  
Hallbjörnsdóttir**  
Gjaldkeri



**Ragnheiður  
Héðinsdóttir**  
Forstöðumaður  
matvælasviðs



**Rakel  
Pálsdóttir**  
Forstöðumaður  
almannatengsla



**Sigurður B.  
Halldórsson**  
Lögfræðingur



**Þóra  
Ólafsdóttir**  
Móttaka  
Umbrot

Útgefandi Samtök iðnaðarins, Borgartúni 35, 105 Reykjavík  
Sími 591 0100 • Fax 591 0101 • mottaka@si.is • www.si.is

Ábyrgðarmaður: Orri Hauksson

Ritstjórn: Rakel Pálsdóttir

Ljósmyndir: Odd Stefán

Málfarsráðgjöf: Þóra Kristín Jónsdóttir

Umbrot: Þóra Ólafsdóttir

Prentvinnsla:

